

SIRKUS^{RVK}

13. JANÚAR 2006 | 2. VÍKA

10

STELPURNAR Í SÓFANUM
- Í TÍSKU AÐ VERA MEÐ BÓLFÉLAGA

KYNÞOKKAFYLLSTU
KONUR LANDSINS

**SPURNINGA-
KEPPNI**
DYRAVARÐANNA

SÍÐBÚIN
SIRKUSVÖLVA

RAKEL FÉKK
FULLNÆGINGU
FYRIR SAILESH

GRÉTA MAR KYNÞOKKAFYLLST

GRÉTA MAR GUÐBRANDSDÓTTIR BAR SIGUR ÚR BÝTUM Í KOSNINGU SEM SIRKUS
OG VÍSIR.IS STÓÐU FYRIR UM KYNÞOKKAFYLLSTU KONU LANDSINS UNDIR ÞRÍTUGU.

MIÐBÆJARHÖNNUN
GRANDSKOÐUÐ

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK





Milljónomæringar nr. 91

Ef allir félagarnir vito af þessu
getum við gleymt því að láta
sjá okkur úti á lífinu

Auðvitað er gaman að fagna þegar þú vinnur en þú þarft samt ekkert að deila því með öllum sem þú hittir. Á þessu ári greiðum við út um 800 milljónir í beinhörðum peningum. Tryggðu þér miða í síma 800 6611 eða á hhi.is. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.



**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings



APPARAT Í STÚDENTAKJALLARNUM, ASÍU OG EVRÓPU

STRÁKARNIR Í APPARAT LOFA GEÐVEIKU STUÐI Í STÚDENTAKJALLARANUM.

„Það verður gott stuð í gangi. Þetta verður geðveikt,“ segir Jóhann Jóhannsson meðlimur í org-el quartetinum Apparat sem treður upp í Stúdentakjallarnum á laugardagskvöld. Þetta er í fyrsta skipti sem hljómsveitin spilar á tónleikum frá því að þeir stigu á stökk á Airwaves hátíðinni.

„Undanfarna mánuði hafa Apparat menn verið að huga að nýrri plötu. Og stefnan er að taka upp plötu á þessu ári sem kæmi út í lok árs-

ins eða í upphafi þess næsta.“ „Platan okkar síðasta er að koma út í Asíu. Við vorum að gera samning við mjög gott útgáfu fyrirtæki í Japan. Þá erum við að gera samning við evröskt útgáfu fyrirtæki Nánar tiltekið í Belgíu sem mun dreifa disknum um alla Evrópu.“

Miðaverð eru 700 krónur í forsölu en þúsund kall við innganginn. Kaldur á tilboði. Húsið opnar klukkann 22.



ÞESSI ASÍUBÚI
BÍÐUR SPENNTUR Í
DYRAGÆTTINI
EFTIR APPARAT.

SIRKUS MÆLIR MEÐ



Sirkus mælir með kvikmyndinni Hostile sem sýnd er í Smárabíó og Regnboganum. Það er algjör nauðsyn að sjá Kópavogsbúann Eyþór Guðjónsson fara á kostum í þessari skemmtilegu en jafnframt blóðugu mynd. Þessi fyrrum Íslandsmeistari í handbolta með Val er fyrsti Íslendingurinn til að fara með stórt hlutverk í Hollywood mynd sem fer beint á toppsæti aðsöknarlistans vestanhafs.



Sirkus mælir með nýjum disk strákanna í Bloodhound Gang, Hefty Fine. Drengirnir eru mættir aftur eftir smá frí, hressari en nokkru sinni fyrr. Um að gera að kippa disknum með í verlsunarleiðangrinum og rifja í leiðinni upp tónleika sveitarinnar árið 2000 sem eru einir þeir mögnuðustu sem fram hafa farið í Laugardalshöllinni. Menn fækkuðu ýmist fötum eða ældu hvor á annan. Þetta kallast ljómandi stemning.

Sirkus mælir með Opal Vodka staupum. Það er ekki hægt annað en að hæla þessu magnaða staupi. Opal virðist hafa einstakt lag á að gera hörðustu drykkjumenn alveg blekaða á met-tíma.



EISTNESKAR OG BERBRJÓSTA Á ZOO BAR

„Við erum að fara að bjóða upp á allan skalann,“ segir plötusnúðurinn Exos sem ætlar að trylla lýðinn á Zoo bar um helgina. Þar verður boðið upp á house, techno og allt hvað eina. Það eru þeir Exos og Stebbi Stef, President Bongó, úr Gus Gus sem að standa fyrir þessu heljarinnar partíi á þessum nýja skemmtistað. Þeir byrja að spila um ellefu leytið.

Verða einhverjar þiur þarna?

„Við ætlum bara að hafa berbrjósta stelpur þarna. 36 stelpur frá Eistlandi munu mæta á svæðið til að taka sporíð alla nóttina. Það er ókeypis inn þannig að það á enginn að láta sig vanta,“ segir Exos, riflega spenntur.



SIRKUS 365

Auglýsingastjóri: Hannes Steindórsson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglýsingar@365.is
Ritstjórn: Hjörvar Hafliðason, Katla Rós Völudóttir og Sólmundur Hólm.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Isafoldarprentsmiðja

Forsíðumyndina tók Hari af Grétur Mar Guðbrandsdóttur, kynþokkafyllstukonu landsins

- 5** – Heiðrún Lind svindlar í spilum
- 6-7** – Stelpurnar í sófanum segja í tisku að vera með bólfélaga
- 8** – Sirkusvölvan er vöknúð til lífinsins
- 10-11** – Gréta Mar er kynþokkafyllsta kona landsins.
- 12** – 10 kynþokkafyllstu konur landsins
- 14** – Spurningakeppni dyravarðanna
- 16-17** – Verstu einræðisherrar heimsins
- 18** – Raket Ýr fékk fullnægingu fyrir Sailesh
- 20** – Kóngar helvitis koma til Íslands
- 29-31** – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík



HEIÐRÚN LIND ER UNG KJARNAKONA



YFIRHEYRSLAN

ÉG ER MJÖG GÓÐ AÐ SVINDLA Í SPILUM

HEIÐRÚN LIND MARTEINSDÓTTIR ER BJARTASTA VONIN Á HÆGRI VÆNG ÍSLENSKRA STJÓRN MÁLA. HÚN ER SJÁLSTÆÐISKONA OG LÖGFRÆÐINEMI. EINNIG ER HÚN MEÐ VIKULEGA PISTLA Á NFS. ÞÁ ER HÚN AUKINHELDUR FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDSSAMBANDS SJÁLFSSTÆÐISKVENNA. SIRKUS YFIRHEYRÐI ÞETTA UNGA KJARNAKVENDI.

HVOR FRÉTTAMAÐURINN ER MYNDARLEGRI, HELGI SELJAN EÐA LOGI BERGMANN? (SPURNING SAMIN AF HELGA SELJAN)

Logi Bergmann. Ég held að það séu augna-brúnirnar. Þær gefa eitthvað frá sér.

EF ÞÚ VÆRIR KLÁMMYNDALEIKKONA Í BANDARÍKJUNUM, HVAD MYNDIRÐU HEITA?

Stórt er spurt. Ég held það væri bara Margaret Thatcher, hún er svo dead sexy.

LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-ÍÐ SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

Það er frá vinkonu minni Helgu Lind. „Segjum klukkan 13:30.“ Ég gef ekki upp í hvaða tilgangi fundurinn var klukkan 13:30.

BÝRÐU YFIR EINHVERJU SÉRSTÖKUM HÆFILEIKUM?

Ég er mjög góð að svindla í spilum. Þetta er einstakur hæfileiki. Ég hef aukið við kökur í trivial og meira að segja svindlað á sjálfri mér í kapal.

EF ÞÚ MÆTTIR VELJA ÞÉR NÝJAN PABBA, HVERN MYNDIRÐU VELJA?

Ég myndi segja Dalai Lama. Maður vill alltaf verða betri manneskja.

VAR ÞÉR STRÍTT Á AÐ VERA HREIN MEY?

Nei, aldrei. Stelpur gera ekki svoleiðis.

HEFURÐU PRUMPAÐ Í BÍÓ?

Alveg örugglega en ekki neitt vandræðalega hátt. Annars prumpa stelpur ekki. Ég hélt að fólk vissi það.

ÞÓR JÓSEFS EÐA FJÖLNI ÞORGEIRS?

Ég vil velja hvorugan. Mér finnst hvorugur sjarmerandi.

HVERNIG MYNDIRÐU HAF A AUGLÝSINGUNA ÞÍNA Á EINKAMÁL.IS?

Lítið notaður en endingagóður maður óskast keyptur fyrir sanngjarnt verð. Á sama stað fæst gefins notaður sófi.

HEFURÐU EINHVERN TÍMANN HÖSTLAÐ ÚT Á AÐ ÞEKKJA GÍSLA MARTEIN?

Nei, ég er nú í sambandi og það er ekki út á að þekkja Gísla. Þannig að það hefur ekki reynt á það.

HEFURÐU SPÁÐ Í AÐ TATTÚERA NAFN KÆRSTA ÞÍNS Á RASSINN Á ÞÉR?

Já, ég hef leitt hugann að því. Maður verður alltaf að lifa dálítið hættulega, það gerist daginn sem ég geng af göflunum.

MYNDIRÐU ÞORA AÐ SENDA KÆRSTANN ÞINN EINAN Í SÓLARLANDAFERÐ TIL BENIDORM EF ÞÚ VISSIR AÐ UNNUR BIRNA, TINNA ALAVIS OG GRÉTA MAR ÚR ÁSTARFLEYINU VÆRU ALLAR Á LEIÐINI ÞANGAÐ LÍKA?

Það væri bara þvert nei. Ég myndi bara bjóða honum eitthvað skemmtilegt í staðinn, eins og að fara með hann á Bæjarins bestu. Svona smá sárabót.

BÖGGARÐU ALLTAF FRÆGA Á DJAMMINU?


Nei, ég geri það ekki. Ég má yfirleitt ekki vera að því, ég er yfirleitt í einhverjum transi á dansgölfinu.

KOMDU MEÐ SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐVIÐMÆLANDA.

Hefurðu fordóma gagnvart fólki á ljótum bílum? Sjálf á ég ég Peugeot, lítinn og ljótan.

-HH


SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus mælir ekki með móðufríum sturtu-speglum. Speglarnir detta af flísunum og þá á móða til að setjast á spegilinn. Lesendur Sirkuss eru beðnir um að varast þessa vöru.



Sirkus mælir ekki með að ónáða frægt fólk á djamminu. Við skulum leyfa fræga fólkinu að skemmta sér í friði. Virðum þeirra rétt til að skemmta sér og þótt það vilji ekki tala við okkur þá er það ekkert með stjórnstæla. Sirkus Rvk hefur áður mælt með því að láta fræga liðið vera en því miður var ekki hlustað, nú verður vonandi bót á.



Sirkus mælir ekki með sterum og ólöglegum brennslutöflum. Nú í janúar þegar allir eru komnir á fullt í líkamsrækt, spretta upp menn sem bjóða upp á skyndilausnir í formi stera eða ólöglegra brennslutöfla. Er ekki frekar málið að vera aðeins harðari við sjálfan sig og sleppa því að leggja líf sitt í hættu?

5

DREYMDI UM AÐ VERÐA JULIE ANDREWS

„Ég myndi segja að hetjan mín væri Julie Andrews,“ segir Hjördís Lilja Örnólfsdóttir dansari Íslenska dansflokksins. „Hún var alltaf svo flott í Söngvaseið og Mary Poppins,“ segir Hjördís sem lá yfir þeim myndum í æsku. Hún er sem fyrr segir dansari hjá Íslenska dansflokknunum og útlókar ekki að Julie hafi haft áhrif á ákvörðun hennar að gera dansinn að atvinnu sinni. „Ég byrjaði í dansi þegar ég var sjö ára en hafði verið að horfa á myndirnar hennar frá því ég var um fjögurra ára gömul,“ segir Hjördís. Það er nóg um að vera hjá Hjördísi þessa dagana. „Við erum að frumsýna Carmen á laugardaginn og svo erum við byrjuð að æfa sýningu sem verður sett upp í febrúar,“ segir hún. Er það tveir erlendir danshöfundar sem munu semja dansinn fyrir það verk. Þegar Hjördís var litil stúlka og dreymdi um að svifa á regnhlíf að hætti Mary Poppins hvarflaði ekki að henni að hún ætti eftir að starfa við dans í framtíðinni. En enginn veit sína ævina oger nú Hjördís í fullu starfi hjá Íslenska dansflokknunum.

-SHS

HJÖRDÍS LILJA LEIT MIKIÐ UPP TIL JULIE ANDREWS Í BARNÆSKU



JULIE ANDREWS

HETJAN Í HLUÐVERKI SÍNU Í SOUND OF MUSIC.

HETJAN MÍN



LJÓSHÆRÐAR OG ELDHRESSAR

KAREN, NEMI Í FJÖLBRAUT-
ARSKÓLANUM VIÐ ÁRMÚLA

STELPURNAR Í SÓFANUM ERU Í ÞETTA SINN STÓR VIN-
KONUHÓPUR SEM HELDUR ÚTI BLOGGSÍÐUNNI VIRGINS.
ÞÆR ERU ALLAR LJÓSHÆRÐAR, FALLEGAR OG TÁG-
GRANNAR. NAFNIÐ GEFUR TIL KYNNA AÐ
ALLAR SÉU ÞÆR HREINAR MEYJAR EN
SVO ER ÞÓ EKKI. SIRKUS RÆDDI VIÐ
ÞESSAR HRESSU STELPUR.

ÁSDÍS EGILSDÓTTIR,
AFGREIÐSLUDAMA

ANNA KAREN ÞÓRODDSDÓTTIR,
HÁRGREIÐSLU-
NEMI Í IÐNSKÓLANUM Í
REYKJAVÍK

STELPURNAR Í SÓFANUM ÍTÍSKU AÐ FÁ SÉR

Stelpurnar úr vinahópnum Virgins koma flestar úr Vesturbænum og Árbænum. Þær hafa haldið úti heimasíðunni blog.central.is/virgins í rúmt ár, nánar tiltekið varð heimasíðan árs-
gömul þann 29. desember síðastliðinn. Eru þær skvísur að hugleiða að opna virgin.is heimasíðu. Yrðu þær þá fyrsti stelpuhópurinn sem opnar slíka síðu. Sirkus fékk dómurnar að sjálfsögðu til sín í rauða sófann. Stelpurnar í Virgins eru: Ellen Erla Egilsdóttir, nemi í Húsmæðraskólanum að Hallormsstað, Ásdís Egilsdóttir, afgangsludama, Karen Guðmundsdóttir, nemi í Fjölbrautarskólanum við Ármúla, Erna Jansdóttir, nemi í Fjölbrautarskólanum við Ármúla, Anna Karen Þóroddsdóttir, hárgreiðslunemi í Iðnskólanum í Reykjavík, Helena Gunnars Marteinsdóttir, nemi í Verzlunarskóla Íslands og Hildur Jakóbína Tryggvadóttir (kölluð Bíbí), nemi í Fjölbrautarskólanum við Ármúla og Listdansskóla Íslands.

GEFA TÍSKURÁÐLEGGINGAR

Stúlkurnar kynntust í Fjölbraut í Ármúla og vesturbæ Reykjavíkur.

Ellen: Við vorum fleiri en ein hætti.

Af hverju?

Ell: Hún meikaði ekki öll þessi vondu komment sem var verið að skrifa á bloggsíðuna okkar.

Erud þið að fá mörg slík?

Ellen: Já, svo erum við líka að fá góð comment.

Bíbí: Við fáum ótrúlega jákvæð viðbrögð líka, þar sem stelpur eru að segja hvað þær líti upp til okkar og svoleiðis.

Ásdís: Við erum að fá spurningar um tísku og meik, sem er skemmtilegt.

VIRGINS KALDHÆÐNI

Af hverju nafnið Virgins?

Erna: Fyrst vorum við að spá í að heita meyjarnar.

Karen: Það var eiginlega bara ég og Erna sem ákváðum þetta nafn, bara svona í gamni.

Helena: Þetta er auðvitað bara kaldhæðni.

Kaldhæðnin felst í því að einungis ein stúlkanna er hrein mey. Þær taka það þó skýrt fram engin þeirra sé drusla, þótt þeim þyki vissulega gott að sofa hjá annað vefið.

En af hverju erud þið allar ljóshærðar?

Ásdís: Það var bara algjör tilviljun, við kynntumst allar fyrst, svo föttuðum við: Hey! Við erum allar ljóshærðar!

Bíbí: Já, það var ógeðslega fyndið.

Karen: Svo eru allir að ruglast á okkur.

Anna Karen: Við erum náttúrulega með svipaða hárgreiðslu.

Karen: Mömmur okkar eru alveg farnar að ruglast á okkur stundum.

Stelpurnar hlæja í kór.

HANNI BACH SJÓÐHEITUR

Stelpurnar segja íslenska stráka eiga það til að haga sér eins og kóngar á djamminu.

Bíbí: Það eru samt svo margar sætar stelpur sem eru slefandi yfir einhverjum ógeðslegum gaurum ef þeir eru bara eitthvað nafn.

Erna: Já, það fer einmitt algjörlega eftir því hver hann er.

Ásdís: Mér finnast enskir gaurar ógeðslega hot.

Erna: Eins og það að konur á Íslandi eru taldar fallegar, þá eru karlmennirnir ekki mjög fallegir.

Svo ræða stelpurnar um hina og þessa gaura frá hinum og þessum löndum, finnst sænskir og grískir strákar fallegir. Helena: Það er til ógeðslega mikið af gaurum sem líta bara á stelpur sem hluti. Vegna síðunnar okkar, Virgins, höfum við fengið það orðspor að við séum algjörar druslur

HELENA GUNNARS MARTEINSDÓTTIR,
NEMI Í VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS

HILDUR JAKOBÍNA TRYGGVA-
DÓTTIR(KÖLLUB BÍBÍ), NEMI
Í FJÖLBRAUTARSKÓLANUM
VIÐ ÁRMÚLA OG LISTDANS-
SKÓLA ÍSLANDS.

ELLEN ERLA EGILSDÓTTIR,
NEMI Í HÚSMÆDRASKÓL-
ANUM AÐ HALLORMSSTAÐ

ERNA JANSDÓTTIR, NEMI
Í FJÖLBRAUTARSKÓLAN-
UM VIÐ ÁRMÚLA

BÓLFÉLAGA

og að við séum bara einhverjir hlutir, sem er engan veginn satt.

Á hvaða aldri eru menn sem reyna við ykkur?

Ásdís: Alveg upp í fertugt.

AnnaK: Já oj, maður er alveg að lenda í öllum aldri.

Helena: Aðallega svona 17-25 ára.

Stelpurnar eru beðnar að ákveða hvernig týpum þær falla fyrir.

Ásdís: Ókei, Hanni Bach, mér finnst hann geðveikur, guð, æi stelpur.

AnnaK: Hann er geðveikur.

Stelpurnar eru sammála um að hann sé myndarlegur drengur en samt frekar gamall.

Helena: Svo eru strákarirnir í Herra Íslandi ógeðslega sætir.

HVÍSLAÐ Á DJAMMINU

Eru þið orðnar frægar út af síðunni?

Ellen: Kannski ekki frægar en alla vega frekar þekktar.

Ásdís: Það kom gaur upp í vinnu um daginn og sagði: „Bíddu, ertu Virgins-gella?“ Þá sagði vinur hans að allir viti hverjar Virgins eru.

Erna: Já, ég var á skemmtistað um daginn, þá voru stelpur

á klósettinu sem voru alveg, vá, ert þú ekki Virgins-gella?

Ellen: Þegar við erum að labba allar saman inn á skemmtistaði, þá er alveg hvíslað, við erum auðvitað allar ljóshærðar og mjög svipaðar.

Djammið þið mikið?

Erna: Já, við skemmtum okkur frekar mikið.

Ellen: Mér finnst skemmtilegast að fara á Olíver.

AnnaK: Já, og Hverfisbarinn.

Ásdís: Já, en fyrst þegar við byrjuðum að djamma var það á Nelly's.

Helena: Mér finnst alltaf gaman að fara á Prikkið.

Í TÍSKU AÐ EIGA BÓLFÉLAGA

Af hverju fara stelpur í sleik um leið og myndavél birtist?

Ásdís: Ég hef gert það einu sinni, en þetta var bara svona í gamni.

AnnaK: Þetta er líka eitthvað, „kysst þið stelpur“ og maður er bara - æi...

Karen: Svo eru þetta líka bara stelpur sem eru að þykjast.

Ásdís: Ég myndi aldrei gera þetta núna, en fyrir ári síðan kannski.

Helena: Þetta var bara einhver tíska.

Teljð þið ykkur vera fulltrúa klámkynslóðarinnar?

Ásdís: Það er eiginlega í tísku að fá sér bólfélag í dag. Að hafa einhvern sem alltaf er hægt að hringja í.

Eigið þið bólfélag?

Ásdís: Það er skárri að vera með bólfélag sem maður getur hringt í þá er ekkert verið að fara heim með bara einhverjum sem maður þekkir ekki eftir djammið, ef maður er í þannig hugleiðingum.

Karen: Mér finnst stundum stelpur eiginlega bara vera graðari en strákar, ef ég segi eins og er.

Þær segjast allar eiga sér eitthvert kynlífstól og mæla eindregið með því, en að það hafi verið smá feimnismál að kaupa slíkt fyrst.

Bífbí: En talandi um kynslóðir, þá held ég að foreldrar okkar hafi ekki verið neitt skárri.

Karen: En svona annars þá erum við bara ósköp hressar og skemtilegar stelpur og viljum lifa lífinu. Við erum ekki neinar teprur sem hanga bara heima á kvöldin og gera ekki neitt.

Að lokum vilja stelpurnar benda á að þær séu oft stimplaðar ranglega og að maður eigi ekki að dæma það sem maður þekki ekki.

Við kveðjum þessar kátu stúlkur sem láta engan vaða yfir sig.

SIRKUSVÖLVAN VÖKNUÐ TIL LÍFSINS

ÞAÐ ER SIÐUR HJÁ FLESTUM TÍMARITUM AÐ BIRTA VÖLVUSPÁ Í KRINGUM ÁRAMÓT. SIRKUS RVK ER BREYSKT BLAÐ OG VIÐURKENNIR FÚSLEGA AÐ VERA EILÍÐ SEINT Á FERÐINI MEÐ SÍNA SPÁ. ALLT Á ÞETTA SÉR ÞÓ EÐLILEGAR SKÝRINGAR ÞAR SEM VÖLVA BLAÐSINS LENTI Í ÓHAPPI Á GAMLÁRSKVÖLD. MÁ ÞAR KENNA FULLGÁSKAFULLUM DARRAÐADANSI VÖLVUNNAR VIÐ BAKKUS UM ÞRÓUN MÁLA. HEFUR VÖLVAN VERIÐ RÚMLIGGJANDI FRÁ ÁRAMÓTUM EN KEMUR HÉR MEÐ EINHVERJA BEITTUSTU VÖLVUSPÁ SEINNI ÁRA. HAFNA BER HUGFAST AÐ SUMIR ATBURÐIR SEM VÖLVAN HAFÐI SPÁÐ FYRIR UM HAFNA GERST ÁÐUR EN BLAÐIÐ FÓR Í PRENTUN.



SVIPTINGAR Í LÍFI EIÐS SMÁRA

Eiður skorar mark í byrjun árs sem tryggir liðinu áframhaldandi þátttöku í ensku bikarkeppinni. Hann mun þó upplifa vonbrigði í febrúar þegar Chelsea fellur úr Meistaradeild Evrópu eftir að hafa tapað fyrir Barcelona. Hann fær bót meina sinna þegar Chelsea hampar Englandsmeistaratilinum. Í lok júlí eða byrjun ágúst mun Eiður ganga til liðs við Newcastle en lendir upp á kant við Michael Owen og Alan Shearer sem þá verður nýráðinn knattspyrnustjóri liðsins. Útlitið virðist svart en undir lok ársins mun Tottenham komast að samkomulagi við Newcastle um kaupverð á kauba og upplifir hann endurnýjun lífdaga undir stjórn Martin Jol. Líklegt er að fjölga muni í fjölskyldu Eiðs á árinu.



ÁSTFANGINN HRAFN

Árið 2006 verður lengi í minnum Krumma. Á árinu hittir hann stóru ástina í lífinu en það mun vera þekkt kona í íslensku þjóðfélagi. Jafnvel valdamikil kona í íslensku viðskiptalífi. Að öðru leyti heldur Krummi áfram að viðhalda sterku sambandi við eldri systur sína, Svölu, og standa með henni í blíðu og stríðu. Árið hjá henni verður þyrnum stráð en hún sigrast á vandræðunum og nær sáttum við menn og málefni.



EINBEITIR SÉR AÐ HESTUNUM

Brynja Þorgeirsdóttir, vonarstjarna NFS, verður minna áberandi á skjánum á árinu. Frekar komum við til með sjá hana á síðum Hér og nú og Seð og heyr. Hún fellir hug til yngri manns og ást þeirra blómstrar. Í októbermánuði mun hún segja skilið við sjónvarpið og halda til Þýskalands þar sem hún verður umboðsmaður íslenska hestsins.



SIGUR OG NÝ KÆRASTA

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Sjálfstæðisflokkurinn vinna stórsigur í komandi borgarstjórnarkosningum. Hann og Gísli Marteinn sættast í kjölfar sigursins og heita því að vinna saman í blíðu og stríðu. Í einkalífnum mun Vilhjálmur Þ. aðeins skrifa fótur og hann gæti skipt um kærustu og flutt úr Breiðholti á annað úthverfi.



ÓLÉTT EFTIR AUÐKÝFING

Hvar á að byrja? Líf Unnar Birnu verður eins og hjá prinsessu á árinu 2006. Hún mun upplifa miklar breytingar og líklegast ferðast mikið. Hún kynnist auðkýfingi um mitt árið og trúlofast honum við mikla rósaathöfn. Maðurinn mun biðja um hönd hennar í lok ársins og hún ber barn hans undir belti. Maðurinn sem um ræðir er tilförlulega dökkur á höfund og þekktur í heimalandinu.



VINNUR MEÐ ROB SCHNEIDER

Frægasti maður ársins á eftir að eiga gott ár. Biblía fallega fólksins mun rokseljast í upphafi árs og Ólafur Ragnar Grímsson forseti ræður Gillzenegger sem formann nefndar gegn hreyfingarleysi og offitu ungmenna. Gillz fær óvænt samtál frá Rob Schneider í júlímánuði og áður en langt um liður mun hann kveðja klakann og halda til Hollywood. Schneider kynsir Gillz fyrir Adam Sandler en vinskapur þeirra mun þó ekki vara lengi eftir að Gillz segir Sandler að láta sér vaxa pung.



JÓHANNA GUÐRÚN SIGURVEGARI ÁRSINS

Jóhanna Guðrún verður sigurvegari ársins 2006. Henni mun vegna einkar vel í samræmdu prófunum og skora mjög hátt á enskuprófi. Hún gefur út disk um mitt ár sem á eftir að slá öll fyrri met íslenskra tónlistarmanna. Í lok árs kynnist hún ástinni í lífinu en verður þá að velja hvort hún ætlar að gefa tónlistinni líf sitt eða nýju ástinni. Fimmtán ára á föstu. Völvan sér einnig fyrir sér að Jóhanna Guðrún muni hefja nám í framhaldsskóla með haustinu.

MANST' EKKI EFTIR MÉR

BEE GEES SAMFESTINGURINN VERÐUR EKKI RIFINN UPP

„Ég tók þá meðvituðu ákvörðun að taka námið fram yfir poppbransann. Sá bransi er ekkert sérlega arðvænlegur og honum fylgir ólífnaður,“ segir Haukur Guðmundsson sem söng lagið *Kvöldin í bænum* í uppfærslu Verslunarskólans á Saturday Night Fever árið 1997. Lagið varð gríðarvinsælt og fór á toppinn á íslenska listanum og lifir enn í partíum borgarinnar. Haukur, sem nú er 28 ára gamall, hefur sagt skilið við tónlistina í bili og einbeitt sér að verkfræðistörfum. „Það kemur fyrir að maður sjái eftir því að hafa gefið tónlistina upp á bátinn. Ég mun taka upp mækin aftur. Það stýttist í það. En þessi sýning (Saturday Night Fever) er ekkert endilega það sem ég er stoltastur af á tónlistarferlinum. Þetta var alls ekki sú lína sem ég fílaði í tónlistinni.“



Skammastu þín eitthvað fyrir lagið og sýninguna?

„Nei, alls ekki. Þetta var briliant tími og fint parti á meðan á því stóð. En eins og áður sagði var þetta alls ekki mín tónlist, þetta diskó. Ég hef mun meira gaman af hörðu rokki og var alltaf eitthvað að stússast í því. Sjálfur elti ég tónleika með Ham þegar ég var yngri og þegar að endurkomunni kemur er á hreinu að Bee Gees-samfestingurinn verður ekki rifinn upp,“ segir Haukur sem er fjölskyldumaður í Mosfellsbænum, með eitt barn og annað á leiðinni.



ELSKRAÐU



SJÄLFAN ÞIG

ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR

Gréta Mar Guðbrandsdóttir, vonda stelpan úr Ástarfleyinu, er kynþokkafyllsta kona landsins að mati lesenda Sirkus og Vísir.is. Tæplega 12 þúsund þáttakendur tóku þátt í könnun sem fram fór á Vísir.is og sumir netverjar voru svo ákafir að þeir kusu strekað sömu manneskjuna en því miður þá voru aðeins talin þrjú atkvæði frá hverri IP tölu.

ERUÐ ÞIÐ EKKI AÐ GRÍNAST?

„Eru þið ekki að grínast,“ voru fyrstu viðbrögð Grétu Mar þegar blaðamaður Sirkuss kunngerði henni um úrslitin. Gréta Mar sem er þekkt sem vonda stelpan í Ástarfleyinu. Hún fékk hörðustu sjóara til að gráta og lék drengina á Fleyinu grátt.

Móðir Grétu Mar er hálf ítölsk en faðir hennar er frá Kúvætt. Hún hefur hins vegar aldrei séð föður sinn en gæti vel hugsað sér að hita hann daginn. En Gréta eignaðist besta pabba í heimi að eigin sögn þegar Guðbrandur Jóhann Stefánsson, framhaldsskólakennari og körfuknattleikskona kom inn í líf hennar tveggja ára gömul.

LANDSLIÐSKONA Í KÖRFUBOLTA

Hver ertu og hvaðan? „Ég er fædd og uppalin í Keflavík og hef búið þar alla ævi. Ég var mikil í íþróttum sem krakki og var meðal annars valin í unglingslandslíðið í körfubolta. Þegar í menntaskóla kom fékk körfuboltinn að víkja,“ segir Gréta sem útskrifast af félagsfræðibraut Fjölbrotaskóla Suðurnesja næsta vor.

Kynþokkafyllsta kona landsins er á lausu en gæti alveg hugsað sér að eignast kærasta að eigin sögn. En hvað er það sem þú laðast að í fari karlmanna? „Svona spurningu er nánast ómögulegt að svara. En ef ég reyni þá fíla ég best stráka sem eru bara þeir sjálfir. En svona útlitslega séð þá er ég hrifnust af dökkhærðum strákum en það er ekkert möst.“


VILL STARFA VIÐ FJÖLMÍÐLA

Að lokum er rætt um framtíðina. Kynþokkafyllsta kona landsins vill gerast flugfreyja en sér sig þó ekki endast lengi í því starfi. „Ég væri alveg til í að vera flugfreyja í nokkur ár og reka síðan einhvers konar móðelskrifstofu.“

En hvað með sviðsljósið, kantu ekki vel við þig í því? „Njaa, svona bæði og. Ég gæti hugsað mér að vinna í sjónvarpi, þá helst við lesa fréttirnar eða eitthvað slíkt.“

Hjörvar Hafliðason

VONDA STELPAN ÚR



„ÞÁ FÍLA ÉG BEST STRÁKA SEM ERU
BARA ÞEIR SJÁLFIR. EN SVONA
ÚTLITSLEGA SÉÐ ÞÁ ER
ÉG HRIFNUST AF DÖKKHÆRÐUM
STRÁKUM EN ÞAÐ ER EKKERT MÖST.“

ÁSTARFLEYINU KOSIN KYNÞOKKAFYLLST

KYNÞOKKAFYLLSTA KONA
LANDSINS AÐ MATI LESENDA
SIRKUS OG VÍSIR.IS ER GRÉTA
MAR GUÐBRANDSDÓTTIR.
ÞESSI 21ÁRS GAMLA KYN-
ÞOKKAFULLA KEFLAVÍKUR-
DAMA ER NÝJASTI MEÐLIMUR
HINNAR MÖGNUM RAUN-
VERULEIKAKYNSLÓÐAR SEM
TRÖLLRÍÐUR ÖLLU Á LAND-
INU. RAUNVERULEIKA-
DROTTNINGIN SKAUT UNGFRÚ
HEIMI OG FLEIRI FLOTTUM
STELPUM REF FYRIR RASS.

10 KYNÞOKKAFYLLSTU KONUR LANDSINS

SIRKUS RVK STÓÐ FYRIR KOSNINGU UM KYNÞOKKAFYLLSTU KONU LANDSINS – UNDIR ÞRÍTUGU. ÚRSLITIN ERU KUNN OG VAR KEPPNIN ÆSISPENNANDI. ÞAÐ VAR GRÉTA MAR GUÐBRANDSDÓTTIR SEM SKÁKAÐI FLJÓÐUM LANDSINS Í ÞESSARI KYNNGIMÖGNUM KOSNINGU.

3

EMILÍANA TORRINI

Nýjasta stórstjarna okkar Íslendinga er vinsæl hjá karlpeningnum. Einn gerðist meira að segja svo djarfur að kjósa hana 300 sinnum sama klukkutímann. Því miður, fyrir Emilíönu, eru aðeins talin þrjú atkvæði frá einni og sömu IP-tölu. Góð tilraun engu að síður. Þrátt fyrir þetta lenti Emilíana í þriðja sæti.



4

RAGNHILDUR STEINUNN

Kastljósdrottningin Ragnhildur Steinunn hafnaði í fjórða sæti. Hún er feegurðardrottning númmer tvö á listanum en eins og allkunna er var Ragnhildur kjörin ungfrú Ísland árið 2003. Ragnhildur hefur boðið af sér góðan þokka á sjónvarpsskjánum undanfarið sem skilar henni í fjórða sæti listans.



5

INGA LIND

Hin þokkafulla og þrýstna Inga Lind Karlsdóttir landaði fimmta sætinu. Hún er aldursforseti kosningarinnar en það skiptir ekki máli því hún fór engu að síður í toppsæti. Heyrst hefur líka að áhorf ungra karlmannna á Ísland í dag hafi stóru aukist vegna nærveru hennar.



6

SIGRÍÐUR HRÖNN GUÐMUNDSDÓTTIR

Hvaðan kom þessi gella? spurðu margir þegar þeir skoðuðu valmöguleika kosningarinnar. Sigríður Hrönn þykir einstaklega kynþokkafull á þessari mynd sem ljósmyndarinn Baldur Kristjánsson tók af henni á síðasta ári. Íslendingar ættu að kannast við Sigríði úr auglýsingum Landsbankans fyrir Mitt kort.



7

KRISTÍN NINJA

Kristín Ninja er 22 ára kynþokkafullur lögfræðinemi. Nafnbótina „kynþokkafull“ er óhætt að veita henni eftir að hún hafnaði í 7. sæti í kosningunni. Kristín hefur prýtt síður blaðanna í ýmsum auglýsingum og hreinlega lekur af henni kynþokkinn.



2

UNNUR BIRNA

Ungfrú Heimur sigraði aðra fulltrúa þjóða heimsins. Hér mátti hún hins vegar láta í minni þokann fyrir eyðimerkurdrottningunni af Suðurnesjum. Unnur Birna hlaut engu að síður fjölda atkvæða og mátti á tímabili vart á milli sjá hvor færri með sigur af hólmi. Á endanum var það þó Gréta.



8

RAGNHEIÐUR THEÓÐORSDÓTTIR

Þessi kornunga fyrrsæta hefur heldur betur komið sterk inn undanfarna mánuði. Hún hefur birst í fjölda auglýsinga og tónlistarmyndbanda og heillar karlpeninginn með léttum leik.



9

SVALA BJÖRGVINS

Poppdívan Svala Björgvins rataði inn á lista yfir kynþokkafyllstu konur landsins – undir þrítugu. Svala er gott dæmi um konur sem alltaf standa fyrir sínu hvað kynþokka varðar, jafn flott, ef ekki flottari, í dag en hún var þegar hún var sautján ára.



10

ANNA LIJA

Anna Lija er nýskilin við eiginmanninn, Þorstein Jónsson í kók. Hún kemur því geysilega fersk inn á markaðinn aftur og lafir tunga karlmannna sem sjá hana niður á rist. Einstaklega hugguleg kona.



12

Ofkeyrðu þig

Leiðindaveður og strætó aldrei á réttum tíma. Væri ekki munur að vera í → upphituðum bíl með i-Podinn þinn tengdan í góðar græjur. Í **Aygo** getur þú notið þess að keyra um bæinn. Kemst léttilega í öll stæði og skýst framhá stærri bensínháku. → Að ganga er ofmetið. Það gengur ekki lengur. → Ofkeyrðu þig á **Aygo**.

Engin útborgun & tryggingar innifaldar Aðeins 22.852 kr. á mánuði*

*Sértilboð TM og AYGO. M.v. 84. mánuði.
Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.



AYGO

Það er gaman að keyra



ISLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN ISLA.SI TOY 30933 1/06

www.aygo.is

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000



HAFFI



TRYGGVI



UMBOÐSMAÐURINN EINAR BÁRÐARSON ER MEÐ ALÞJÓLEGT TALHÓLF.



TALHÓLF FRÆGA FÓLKINS...

HI THIS IS EINAR

„Já, þetta er Einar Bárðarson. Ég óska ykkur allra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Ef þið ætlið að reyna að ná í mig, vinsamlegast sendið á mig stutt sms-skilaboð. Ég skal reyna að svara þeim, ég skal reyna að svara þeim innan stundar.“

„Hi, this is Einar, please leave a short message or send me an text and I'll be in touch as soon as I can. Thank you.“

Það verður að byrja á því að hrósa Einari fyrir að hafa talhólfíð bæði á íslensku og ensku. Hann er vinalegur í talhólfskveðjunni og ekki skemmir fyrir að hann hefur kveðjuna á jóla- og áramótakveðjum. Að vísu er málfræðin eitthvað að stríða Einari, bæði í íslensku og ensku. Þess vegna er hann tveimur stjörnum frá fullkomnun.

★★★★☆

HAFFI Á PRIKINU VS. TRYGGVI Á KLÚBBNUM

SPURNINGAKEPPNI DYRAVARÐA

ÞEIR HAFÞÓR ÖRN GUÐJÓNSSON OG TRYGGVI ÞORFINNSSON ERU DYRAVERÐIR, HAFÞÓR Á PRIKINU EN TRYGGVI Á KLÚBBNUM VIÐ GULLINBRÚ. HÉR ERU ÞEIR SPURÐIR SPJÖRUNUM ÚR.



1

1. HVER FÓR MEÐ ADALHLUTVERKIÐ Í KVÍK-MYNDINI ROADHOUSE FRÁ 1989?

Haffi: Ekki hugmynd.
Tryggvi: Patrick Swayze.



2

2. HVAÐ VAR SVONA SÉRSTAKT VIÐ SKEMMTIÐINN SEM BRÆÐURNIR STEVE OG DOUG BUTABI VILDU OPNA Í KVÍKMYNDINI A NIGHT AT THE ROXBURY?

Haffi: Ég veit það ekki.
Tryggvi: Hef ekki hugmynd.



3

3. Í HVAÐA STJÖRNUMERKI ER SÁ SEM ER FÆDDUR 8. OKTÓBER?


Haffi: Fiskur.
Tryggvi: Andsk., ég man það ekki.



4

4. FYRIR HVAÐ STENDUR SKAMMSTÖFUNIN V.I.P.?

Haffi: Very important person.
Tryggvi: Very important person.



5

5. HEFUR GILLZENEGGER UNNIÐ SEM DYRAVÖRÐUR?

Haffi: Já.
Tryggvi: Já.



6

6. HVAÐ ÁR VAR SECURITAS STOFNAÐ HÉR Á LANDI?

Haffi: 1980.
Tryggvi: 1991.

7. Í HVAÐA MYND LÉK CLINT EASTWOOD MANN SEM BJARGADI LÍFI FORSETA BANDARÍKJANNA?

Haffi: In the line of fire.
Tryggvi: Ég sé myndina alveg fyrir mér í hausnum en man ekkert hvað hún heitir.



5

8. ER LÖGLEGT AÐ HLEYPJA 19 ÁRA EINSTAKLINGI INN Á SKEMMTIÐ?

Haffi: Já, svo lengi sem honum er ekki selt áfengi.
Tryggvi: Já, ef honum er ekki selt áfengi.



7

9. GETUR ÞÚ NEFNT EITTHVERT SAMHEITI ORDSINS DYRAVÖRÐUR?

Haffi: Úff, mér dettur ekkert í hug.
Tryggvi: Það kemur ekkert upp í hugann.

10. Á HVAÐA SKEMMTIÐ HALDA DRENGIRNIR Í FAZMO/TVEIR.IS SÍN MÖGN-UDUSTU PART?

Haffi: Hverfisbarnum.
Tryggvi: Hvernig á ég að vita það?

Það var Hafþór sem bar sigur úr býtum í þetta sinn. Hann var með fjögur svör rétt en Tryggvi með þrjú. Hafþór heldur því áfram í keppninni um gáfaðasta dyravörð landsins.



10



MUGISON VINNUR NÝTT EFNI

„Það er eitthvað verið að grúska,“ segir Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison. Hann er þessa dagana í hljóðveri öllum stundum. Mugison sendi í desember frá sér plötuna A Little Trip to Heaven sem innihélt tónlistina úr samnefndri mynd. Á dögnum kom hann svo fram á tónleikum undir yfirskriftinni „Ertu að verða náttúruleaus?“ en þar fór hann hreinlega á kostum.

Er von á nýrri plötu í bráð?
„Maður þorir ekki að lofa neinu um það,“ sagði Mugison léttur á því sem endranær.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

BÚTTAÐUR 9 ÁRA KRAKKI

Heimasíðan www.zangerbob.nl er algert dúndur. Þar fer hinn níu ára gamli Bob frá Hollandi á kostum. Bob er ungur söngvari sem heillar alla þá sem sjá hann taka lagið. Bob skaut upp á stjörnuhimininn þegar hann var sjö ára gamall. Þá sigraði hann í Karaoke-keppni sem haldin var í heimabæ hans og hefur leiðin legið upp á við eftir það. Hann er stórstjarna í Hollandi og á heimasíðunni gefur að líta myndband með hinum unga meistara þar sem tugir jafnaldrar hans dansa í kringum hann. Þessi litli, búttaði og brosmildi drengur er sönn stórstjarna.



ZANGER BOB ER MEÐ ÞETTA Á HREINU



HÆGT ER AÐ HORFA Á MYNDBÖND MEÐ BOB. ÞAÐ ER ÞESS VIRDI.

14

SIRKUSTVÍFARAR




ÓLAFUR ÞÓR JÓNSSON, STJÓRNANDI ÞÁTTARINS GEIMTÍVI.




TOM GREEN, GRÍNISTI OG LEIKARI.

Tvífarar vikunnar að þessu sinni eru Ólafur Þór Jónsson, þáttastjórnandi, og Tom Green „has been“. Tom Green var á tímabili funheitur, fyndinn og með sinn eigin sjónvarpsþátt á MTV. Á þeim tíma var hann að sænga hjá Drew Barrymore. Óli er hins vegar hvað þekktastur fyrir að kynna heitustu tölvuleikina á markaðnum fyrir norðum landsins. Þeir félagar eiga ekki mikið sameiginlegt annað en að báðir hafa starfað við tívi, Tom við Mtívi og Óli á Popptívi.


Elvzia
Vatnsstig



rokk og rósir
Laugavegi



Spiritnik
Klapparstig



HEI!!!
UTSALAN
ER
HAFIN!!!

01@domenka.com

KLIKKUDUSTU EINRÆÐI


SAPARMURAT NIYAZOV – GULLSTYTTUR OG MELÓNUR >>

Hver?: Ríkir í Túrkménistan og er 65 ára. Hefur verið áhrifamesti maður landsins síðan 1985 og forseti síðan 1991.

Heimahagarnir: Í Túrkménistan búa tæplega fimm milljónir manna. 90 prósent landsins er eyðimörk. Miklar olíuauðlindir eru í landinu sem Saparmuyat hefur sölsað undir sig.

Einræðið: Þegar Sovétríkin hrundu tók Saparmurat yfir og rekur nú landið eins og sitt eigið Disneyland. Hann lætur kalla sig Turkmenbashi, sem á íslensku útlæggt faðir allra Túrkmenna, og allt annað en blind dýrkun á honum er refsiverð. Hann hefur komið á gifurlegri persónudýrkun og er erfitt að ferðast um landið án þess að rekast á myndir af honum á 3ja mínútna fresti. Allt er vaðandi í stórum myndum og styttum, andlit hans er á peningaseðlum sem og á vodkaflöskunum. Í miðbænum er stytta af honum úr skiragulli sem snýst þannig að sólin skíni alltaf framan í hann.

Kostuleg tilþrif: Maðurinn er greinilega stjórnuruglaður og af kostulegum uppátækjum er nóg að taka. Þótt þjóðin eigi að teljast íslömsk hefur hann skipt Kóraninum út fyrir eigið trúarrit, Ruhnama, sem landsmenn eiga að kunna utanbókar og börn læra í skólum. Hann hefur endurskirt mánuðina í höfuðið á sjálfum sér og fjölskyldu sinni, t.d. heitir apríl nú eftir móður hans. Hann hefur bannað skegg, gulltennur og sirkusa; balletta, bókasöfn og óperur; fréttakonur í sjónvarpi mega ekki vera með varalit og öllum sjúkrahúsum á landsbyggðinni var nýlega lokað. Þá er maðurinn hreinlega óður í melónur og hefur fyrirskipað að 14. ágúst ár hvert sé haldið upp á melónudaginn. Meira en fimmhundrað tegundir melóna eru ræktaðar í Túrkménistan, þar á meðal „Keisaramelónan“, sem er ræktuð til heiðurs einræðisherranum, og „Gullöldin“, sem er ræktuð til að halda upp á meint góðæri sem stjórnartíð hans hefur í för með sér. „Látum líf hvers Túrkmenna verða eins fagurt og melónurnar okkar,“ segir hann.



<< KIM JONG-IL – HEILAPVOTTUR OG HÁIR HÆLAR

Hver?: Ríkir í Norður-Koreu, verður 65 ára í febrúar og hefur ríkt síðan faðir hans lést 1994.

Heimahagarnir: Í Norður-Koreu búa um 23 milljónir manna. Þetta er hugsanlega ömurlegasta land í heimi, það hefur að minnsta kosti skorað lægst allra landa heimsins hvað varðar pólitísk og borgaraleg réttindi þegnanna í samfelld 31 ár, enda er allt annað en taumlaus dýrkun á leiðtoganum saknæmt athæfi. Landið hefur verið á heljarþróm um árabil, fátækt er almenn og hungursneyð sífellt yfirvofandi. Miklum fjármunum er eytt í herinn, sem er einn sá stærsti í heimi, og eru fimm milljónir hermanna sífellt í viðbragðsstöðu. Talið er að að minnsta kosti 200.000 samviskufangar séu í þrælabbúðum við ömurlegar aðstæður.

Einræðið: Það er lögbundin persónudýrkun á Kim og pabba hans. Orð leiðtogans eru lög, enda hafa áróðursmeistararnir jafnvel gengið svo langt að segja hann guðlegan. Heilapvottur á þegnum er linnulaus. Nánast öll list snýst um að lofsyngja feðgana, hvort sem það eru kvikmyndir, bækur, leikhúsverk eða tónlist. Þegar pabbi gamli, Kim Il Sung lést (í rífrildi við son sinn, eins og kom síðar í ljós) var fyrirskipuð þriggja ára þjóðarsorg.

Kostuleg tilþrif: Það er opinber tilskipun í landinu að allir þrjú skulu fjarlægðir með valdi frá foreldrum sínum og þeir aldri upp á sérstökum „munaðarleysingjahælum“ þar sem hægt er að fylgjast með þeim, því Kim er sannfærður um að sá sem tekur við af honum verði þrjú. Kim er mikill kvikmyndaáhugamaður og á að sögn safn með um 20.000 bandarískum afþreyingamyndum. Árið 1978 lét hann ræna þekktum leikstjóra og leikkonu frá Suður-Koreu og ætlaði að byggja upp kvikmyndaveldi með þeim. Fyrsta myndin átti að vera marxísk útgáfa af Godzilla. Lítið varð úr framkvæmdum. Ekki hefur heldur fengist upp úr Kim hvernig honum leist á sjálfan sig í brúðumyndinni Team America. Kim er smávaxinn envinnur á hæðarvandanum með skóm með háum hæl og hárgreiðslu sem bætir nokkrum sentimetrum ofan á hausinn á honum. Hann er því líklega undanskiliinn nýjstu herferð stjórnarinnar sem beinist að því að karlmenn krúnuraki sig til að efla sitt „sósíalíska siðferðisprek“.

FANNST ÞÉR DAVÍÐ STUNDUM SLÆMUR? FINNST ÞÉR SLÆMT AÐ VERA Á SKÍTALAUNUM Á MEÐAN FÓLK ÚT Í BÆ FÆR VÍKINGA-LOTTÓVINNINGA ÞEGAR ÞAÐ ER REKIÐ ÚR VINNUNNI? BIDDU FYRIR ÞÉR, ÞÚ GÆTIR HAFT ÞAÐ SVO MIKLU MIKLU VERRA! ÞÚ GÆTIR TIL DÆMIS BÚIÐ Í ÖMURLEGU LANDI SEM STJÓRNAÐ ER AF BRJÁLÆDINGI.

SHERRAR SAMTÍMANS



MSWATI KONUNGUR III – KYNLÍFSBINDINDI OG LIMMÓSINUR

Hver?: Mswati III ríkir í Swazílandi, er 37 ára gamall og hefur ríkt síðan 1982 þegar kóngurinn pabbi hans dó.

Heimahagarnir: Í Swazílandi búa rúmlega milljón manns. Tiðni eyðnismitaðra þar er það mesta í heiminum, 38,8 prósent landsmanna eru smítuð og 43 prósent allra óléttu kvenna. Gífurleg fátækt er almenn og meðallíflíkur ekki nema 33 ár.

Einræðið: Mswati hefur litlar áhyggjur af ömurlegum aðstæðum þegna sinna, heldur sankar að sér faratækjum, konunglegum köggum og limmum, og lúxuseinkaþotu sem hann eyddi þriðjungi fjárlaganna í eitt árið. Hann á þrettán eiginkonur og slatta af viðhöldum þar að auki og hefur eytt fúlgum í hallirnar sínar. Honum finnst fyrirbæri eins og mannréttindi og tjáningafrelsi hlægilegt rugl.

Kostuleg tilþrif: Til að reyna að vinna á eyðnivandanum skipaði hann öllum ógífum konum í kynlífsbindindi frá 9. september 2001 til 19. ágúst 2005. Hann bannaði líka öllum þegnum sínum undir 18 ára aldri að stunda kynlíf. Hann aflétti banninu þegar hann giftist þrettánda konunni sinni. Sú var nefnilega 17 ára.


ABDULLAH BIN ABDULAZIZ AL-SAUD – BESTI VINUR ADAL >>

Hver?: Kóngur Saudi-Araba er 81 árs gamall og hefur ríkt einn síðan hálfbróðir hans lést árið 1995. Hann er af Al Sád fjölskyldunni sem landið er nefnt eftir. Meðlimir fjölskyldunnar eru nokkur þúsund talsins og fara með öll mikilvægustu embætti landsins.

Heimahagarnir: Í landinu, sem er 21 sinni stærra en Ísland, búa um 25 milljónir manna. Landið, sem hafði verið hirðingjasamfélag, auðgædist á nokkrum árum eftir að olía fannst og hófst olíuvinnsla árið 1938.

Einræðið: Í Saudi-Arabíu eru yfirráð stjórnarherranna alger og óbreytanleg og allt líf borgaranna er byggt á mjög strangri túlkun á íslömskum sunnítalögum. Konur er annars flokks þegnar, þær mega hvorki kjósa (í þau örfáu skipti sem er kosið er) né keyra bíl og mega ekki ferðast nema að karlkyns ættingi sé með í för, og eru þær þá svartklæddar frá hvirfli til ilja. Í landinu er um 9 milljónir erlendir verkamenn, þriðjungur mannfjöldans, sem margir búa við ömurlegar og „þrælslegar“ aðstæður. Ritskóðun er í Sádi-Arabíu. Þó að veraldarvefurinn sé orðinn aðgengilegur hafa yfirvöld eytt miklum peningum í að útbúa siur svo að notendur geti ekki komist í tæri við óæskileg vefsetur. Dauðarefsingar eru við lýði og einnig er fólk aflímað og hýtt í refsingarskyni. Trúarlögreglan er dugleg enda hefur trúin áhrif á allt líf í landinu. Áfengi er bannað, dansleikir, kvikmyndahús og tónleikar eru bannaðir, opinberar trúarathafnir annarra trúarbragða eru bannaðar, svo og biblíur og trúartákn eins og krossar.

Kostuleg tilþrif: Þrátt fyrir allt þetta eru bandarísk stjórnvöld mjög hlíðholl Saudi-Aröbum. George Bush segir kónginn vera „mikinn vin“ sinn og Bandaríkjana.



<< TEODORO OBIANG NGUEMA MBASOGO – OLÍA OG EYRNALEYSI

Hver?: Teodoro forseti. Hefur ríkt í Miðbaugs-Gíneu síðan 1979. Er 63 ára.

Heimahagarnir: Í þessu pinulítla landi býr rúmlega hálf milljón manna. Mikil olíuauðæfi eru í landinu en mikill meirihluti landsmanna lifir í sárrí fátækt.

Einræðið: Ríkisstjórn Teodoro er einhver sú grimmaasta í Afríku og er þar af nógu að taka. Í kosningum sem fram hafa farið fær forsetinn alltaf 98 prósent atkvæða, enda eru þær tóm syndarmenska. Fjöldi manns hefur látist í fangelsum eða flúið ógnarstjórnina. Það er óeðlilega mikið af eyrnarlausu fólki í landinu eftir uppáhalds pyntingaraðferðir stjórnarhrottanna. Vestraen olíufélög eru með puttana í stjórn landsins á bakvið tjöldin enda mikið í húfi.

Kostuleg tilþrif: Teodoro er þekktur sem „El Jefe“ (The Boss/Stjórninn) og samkvæmt ríkisútvarpi Miðbaugs-Gíneu er hann í varanlegu sambandi við almættið. „Hann getur ákveðið að drepa einhvern án þess að vera refsað fyrir það því það er Guð sjálfur sem stjórnar honum og gefur honum styrk“ lét talsmaður forsetans eftir sér hafa nýverið. Forsetinn hefur í kringum sig lið harðsvíraðra lífvarða frá Marokkó og allri mótspyrnu er svarað á ofsafenginn hátt. Einkasonur hans og væntanlegur arftaki er þekktur glaumgosi sem eyðir tíma sínum í yfirgengilegum verslunarferðum í stórborgum Evrópu á meðan almúginn lepur dauðann úr skel.

↓ MEST SELDU LEIKIRNIR OG DVD



WEDDING CRASHERS ER MEST SELDI DVD-DISKURINN

→ psp

1. GTA LIBERTY CITY STORIES
2. SSX ON TOUR
3. CRASH TAG TEAM RACING
4. LOTR TACTICS
5. PURSUIT FORCE
6. BURNOUT LEGENDS
7. CHAMPIONSHIP MANAGER PSP
8. FIFA 06
9. HARRY POTTER AND THE GOBLET OF...
10. STAR WARS BATTLEFRONT 2

→ pc

1. FOOTBALL MANAGER 2006
2. WORLD OF WARCRAFT
3. AGE OF EMPIRES 3
4. KING KONG
5. SIMS 2 NIGHTLIFE
6. STAR WARS BATTLEFRONT 2
7. NEED FOR SPEED MOST WANTED
8. BATTLEFIELD 2
9. FEAR
10. CIVILIZATION 4

→ playstation 2

1. TRUE CRIME NEW YORK CITY
2. RATCHET : GLADIATOR
3. JAMES BOND FROM RUSSIA WITH LO
4. SINGSTAR POP
5. KING KONG
6. EYETOY PLAY 3
7. GUN
8. ULTIMATE SPIDERMAN
9. SINGSTAR 80'S
10. BATTLEFIELD 2 MODERN COMBAT

→ dvd

1. WEDDING CRASHERS
2. CHARLIE AND THE CHOCOLATE FAC
3. 40 YEAR OLD VIRGIN
4. SAILESH IN ICELAND
5. BRIDGET JONES 2: THE EDGE OF REASON
6. DODGEBALL
7. DESPERATE HOUSEWIVES 1
8. BRIDGET JONES DIARY
9. THE PUNISHER
10. KILL BILL VOL 1

18

↻ TÖLVULEIKJADÓMUR



Rakel Ýr Björnsdóttir, 19 ára gömul Reykjavíkurmær, sló í gegn á dvd-diski dáleiðslumeistarans Sailesh sem kom út um jólin. „Vinkona mín manaði mig út í þetta,“ segir Rakel og viðurkennir að það sé hálfþínlegt að horfa á sjálfa sig fara hamförum á sviði Broadways. „Ég vissi að það væri verið að taka þetta upp. Ég myndi samt ekki gera þetta aftur, það er að segja fyrir sjónvarp.“

Á diskinum sést þegar Sailesh lætur hana fá fullnægingu og af svip Rakelar að dæma var það ágætt og rétt rúmlega það. „Hann lætur mann bara trúna því að maður sé að fá það en samt veit maður alveg að þetta er ekki raunverulegt. Þetta er ekki jafn gott og í raunveruleikanum. Fólk verður bara prófa þetta sjálf,“ segir Rakey Ýr.

„Það er ekki hægt að útskýra fyrir fólki hvernig það er að láta dáleiða sig. Ég skildi aldrei afhverju allir voru skellihljæjandi. Ég vissi alveg að það sem ég var að gera var ekki raunverulegt. Eftir dáleiðsluna var ég mjög dösud.“

En eru mamma og pabbi búin að sjá dvd-diskinn? „Nei, ég held að þau fái ekkert leyfi til að gera það,“ segir Rakey en aðstandendur sýningarinnar og útgáfu disksins hafa enn ekki gefið henni eintak. Hér með er skorað á þá að gera það.

HH

ALVÖRU FULLNÆING BETRI EN DÁLEIDD

RAKEL ÝR SLÓ Í GEGN Í SAILESH-SÝNINGUNNI



VONBRIGÐI

„BÆDI ERU STÝRINGARNAR FREKAR LEIÐINLEGAR, SÉRSTAKLEGA ÞEGAR ÞÚ ERT AÐ STJÓRNA EINHVERJU AF MÖRGUM FARARTÆKJUM SEM BOÐIÐ ER UPP Á OG SVO ER MISSIONIN FREKAR ASNALEGA UPPSETT,“ SEGIR JÓHANN ÓLAFUR MEÐAL ANNARS Í DÓMI SÍNUM.


Það er svoldið skrytið að þessi leikur er titlaður sem leikur númer 2, einkum í ljósi þess að þetta er fyrsti Battlefield-leikurinn sem er gefinn út fyrir annað en PC. Þessum leik tekst því miður engan veginn að feta í fótspor „fyrrri“ leiksins á PC. Bæði eru stýringarnar frekar leiðinlegar, sérstaklega þegar þú ert að stjórna einhverju af mörgum farartækjum sem boðið er upp á og svo er missionin frekar asnalega uppsett.

Það er eiginlega eins og maður sé að spila leikinn í multiplayer þó svo að maður sé í one player, óvinnir birtast bara upp úr þurru fyrir ofan þig og inn á svæði þar sem þú varst kannski búinn að drepa alla. Hann er nú samt ekki alsæmur, lúkkið er fínt og hljóðið nokkuð gott og það er hægt að stýra fjöldanum öllum af mismunandi farartækjum eins og þylrum, bátum, skriðdrekum og flugvélum.

Gott: Hljóð og grafík

Slæmt: Leiðinlegar stýringar, fátánlegt að óvinnir skuli birtast þar sem þú varst búinn að drepa alla.

Jóhann Ólafur



BATTLEFIELD Á PS2 ★★★★★


MSK KYNNIR

Minusbardi



minusbardi: strákarnir okkar

**TÓNLISTIN ÚR MYNDINNI STRÁKARNIR OKKAR
FÆST I ÖLLUM BETRI HLJÓMPLÖTUVERSLUNUM LANDSINS**



KONUNGARNIR ERU VEL TATTÓVERAÐIR OG GRJÓTHARÐIR.



ROKKABILLÍMEISTARARNIR.

ROKKABILLÍ ER VINSÆLLA EN MARGAN GRUNAR. HLJÓMSVEIT SEM FLOKKAST UNDIR ÞÁ ÁGÆTU TÓNLISTARSTEFNU ER Á LEIÐinni HINGAÐ TIL LANDS ÞANN 21. JANÚAR. ÞEIR ERU TATTÓVERAÐIR OG ÓFRÝNILEGIR EN SPILA ENGU AÐ SÍÐUR HRESST ROKKABILLÍ.

KONUNGAR HELVÍTIS Á ÍSLANDI

Rokkabillisveitin Kings of Hell er á leiðinni til Íslands og leikur á Gauknum en tónleikarnir eru haldnir á vegum Bar 11 og fara fram þann 21. janúar. Þú spyrð þig eflaust: Hverjir í andskotanum eru Kings of Hell? Það er ekkert óeðlilegt við það.

TATTÓVERAÐIR SVEITAROKKARAR

Strákarnir líta út eins og þeir séu í Metallica en hljóma eins og gamlir fílgúdd-rokkarar frá suðurríkjum Bandaríkjanna. Minna óneitanlega á

gamlar vatnsgreiðslubíómyndir. Ekki má skilja þetta þannig að tónlist þeirra sé hallærisleg og löngu dottin úr móð. Þess í stað hafa þeir með sér einhvern ferskan blæ innan um gamlar hugmyndir. Að minnsta kosti hafa erlendir spekulantar á borð við Brian Setzer í Stray Kats kallað þá hinn nýja vonarneista roksins.

MUNAÐARLAUSIR HLJÓÐFÆRALEIKARAR

Hljómsveitin var stofnuð í september árið 2004 eftir að rokkabillíbandið

Dead Man's Hand hafði lagt upp laupana. Þá voru bassaleikarinn James „Fish“ Alcorn og gítarleikarinn Rick Nessmith munaðarlausir hljóðfæraleikarar sem vildu koma sér í nýtt band hið fyrsta. Þeir fengu fljótlega til liðs við sig þá Allen Sarge Paulsen og Dave Nissen og eftir það fór boltinn að rúlla. Nú hafa þeir sent frá sér sinn fyrsta fimm laga demódisk. Von er á plötu frá bandinu innan tíðar en hvenær það verður er vandi um að spá.

-SHS

DÓMSTÓLL BLAUTA MALBIKSINS

UMSJÓNARMENN ÞÁTTARINS BLAUTT MALBIK Á X-INU HAFU KOSIÐ BESTU HIP HOP LÖG ÁRSINS 2005

bestu hip hop lög ársins

1. The Game – Hate it or love it [Cool And Dre]
2. Jay-Z – Dear Summer [Just Blaze]
3. Common – The Food [Kanye West]
4. Young Jeezy – Go crazy (Remix) [Don Cannon]
5. Kanye – Touch the sky [Just Blaze]
6. The Game – How we do [Dr. Dre]
7. Mike Jones feat. Paul Wall & Slim Thug – Still Tippin [Micheal 5000 Watts]
8. Sean Price – Onion Head [Khrysis]
9. 50 Cent feat Mobb Deep – Out of control (Remix) [Dr. Dre]
10. AZ – Never Change [Heatmakers]
11. Pharrell – Can I Have It Like That [Pharrell]
12. Little Brother – Ain't Nobody Like Me [Illmind]
13. Felt (Murs & Slug) – 20 answers [Ant]
14. Danger doom – Sofa king [Dangermouse]
15. 50 Cent – Windowshopper
16. Camron – Down and out [Kanye West]
17. Dilalated Peoples – Back again [Alchemist]
18. Juelz Santana – Mic Check [Heatmakers]
19. Slim Thug – Like a boss [Neptunes]
20. Fat Joe – Safe 2 Say [Just Blaze]
21. Mike Jones – Back Then [Micheal 5000 Watts]
22. Zion I – Bird's Eye View [Amp Live]
23. Atmosphere – The Arrival [Ant]
24. John Legend – Number One [Kanye West]
25. likwit junkies – the hop [Babu]
26. Missy Elliott – On and on [Neptunes]
27. Rapper Big Pooh – Strongest man [Khrysis]
28. Amerie – 1 thing [Rich Harrison]
29. The Perceptionists – Memorial Day
30. Paul Wall – Sittin Sideways [Micheal 5000 Watts]

20

THE GAME ER ÖTVÍRÆÐUR SIGURVEGARI KOSNINGARINNAR.

X 97.7

X-LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Avenged Sevenfold	Bat Country
2.	Dr. Mister & Mr. Hands...	Kokaloca
3.	BC Camplight	Blood And Peanut...
4.	Coldplay	Talk
5.	Ampop	My Delusions
6.	Blink 182	Not Now
7.	My Chemical Romance	The Ghost Of You
8.	System Of A Down	Hypnotize
9.	Prodigy	Voodoo People (pendulum mix)
10.	Fall Out Boy	Sugar, Were Going Down
11.	White Stripes	The Denial Twist
12.	Hair Doctor	Major Label
13.	Deftones	Please Please Please
14.	Jakobinarina	I've Got A Date With...
15.	Weezer	Perfect Situation
16.	Goldie Lookin Chain	Your Missus Is A Nutter
17.	The Darkness	One Way Ticket
18.	Vax	Your Hair Is Stupid
19.	Korn	Twisted Transistor
20.	Foo Fighters	Resolve

DR. MISTER & MR. HANDSOME KOMA STERKIR INN MEÐ KOKALOCA



FM 95.7

ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	James Blunt	Goodbye My Lover
2.	Eminem	When I'm Gone
3.	Darren Hayes	So Beautiful
4.	Chris Brown	Run It
5.	Craig David	Dont Love No More
6.	Fall Out Boy	Sugar, Were Going...
7.	Lifehouse	Blind
8.	White Stripes	My Doorbell
9.	Beyonce Knowles	Check On it
10.	Fort Minor	Believe Me
11.	Kelly Clarkson	Gone
12.	Nickelback	Photograph
13.	Ryan Cabrera	Photo
14.	Jamie Fox Ft. Kayne...	Extravaganza
15.	David Gray	Hospital Food
16.	Daniel Powder	Free Loop
17.	311	Dont Tread On Me
18.	Pussycat Dolls	Stick With You
19.	Simon Webbe	No Worries
20.	Skítamóráll	Heima

MÓRALLINN KLIFRAR UPP LISTANN. VAR Í 25. SÆTI EN DETTUR HÉR INN Í 20. SÆTI.



MORGUNÞÁTTURINN ZÚÚBER SVALI GASSI JÓHANNA & STÍNA

ALLA VIRKA MORGNA KLUKKAN SJÖ Á FM957

SÍMAHREKKI OG FLER AÐ FINNA Á WWW.FM957.IS



MIDBAEJARI



TRÍLÓGÍA: AFTUR SLÁ: 16.500 KR. AFTUR BUXUR: 21.600 KR.



NAKTI APINN: UNKNOWN TRASH KJÓLL: 18.000 KR.



TRÍLÓGÍA. AFTUR SLÁ: 16.500 KR.

NONNABÚÐ: TENNISKJÓLL: 7.900 KR. BUXUR: 7.900



RÖNDÓTT SÁST
MIKIB Á PÖLLUM
HÁTÍSKUNNAR



22

VIVIENNE WESTWOOD Í LOK SÝNINGAR



Í meira en 30 ár hefur hún hannað fót. Vivienne Westwood (Vivienne Isabel Swire) er fædd árið 1941 í Bretlandi. Hún og félagi hennar, Malcolm McLaren, (sem varð umboðsmaður Sex Pistols) opnuðu búðina Let It Rock árið 1970. Búðin var staðsett í Chelsea-hverfi Lundúnaborgar. Ungt fólk alls staðar af landinu kom í þessa litlu búð til þess að kaupa sér nýstárlegan fatnað. Á fyrstu tónleikum Sex Pistols voru meðlimirnir í fötum frá Let It Rock-búðinni og sagt er að þannig hafi þau skapað pönktískuna í sameiningu. Síðan þá hefur Vivienne verið mikilsvirtur hönnuður í heimalandinu. Hún var meðal annars öðluð af Elísabetu drottningu á dögnum. Þess má geta að búðin KronKron hefur fengið umboð á Íslandi fyrir hönnun Vivienne og mun eitthvað af nýjustu hönnun hennar fást þar fljótlega.

JARÐLITIR
VORU RÁÐANDI
Í LÍNUNNI



MARGLITUR
SUNDBOLUR



DROTTNING PÖNKXSINS

HÖNNUN



JÚNIFORM KJÓLL: 24.900 KR. HÁRSPÖNG ÚR TRÍLOGÍU: 1000 KR.

JÚNIFORM KJÓLL: 17.900 KR. LEGGINGS: 6.900 KR. ARMBAND: 4.900 KR.




TRÍLOGÍA AFTUR KJÓLL: 23.900 KR. LENA HÁLSMEN: 3.900

MIÐBÆRINN KRAUMAR AF LÍFI. LITLAR HÖNNUNARBÚÐIR OG VERKSTÆÐI HAFU SPROTTIÐ UPP UNDAFARIN ÁR. ÞETTA ÞYKIR AFAR SKEMMTILEG ÞRÓUN FYRIR MIÐBÆINN. SIRKUSRVK ÁKVAÐ AÐ SÝNA EINGÖNGU ÍSLENSKA HÖNNUN Í ÞETTA SINN, FRÁ ALÍSLENSKUM VÖRUMERKJUM.

LITRÍKT OG PÖNKAD Í ANDA VIVIENNE WESTWOOD



ALLTAF PÖNK-ADUR FÍLINGUR HJÁ VIVIENNE



KÖFLÓTT




ÉG ER EKKI HRYÐJU-VERKAMAÐUR





FERILLINN RÉTT AÐ BYRJA

INGIBJÖRG FINNBOGADÓTTIR, BETUR ÞEKKT
SEM IMBA ER Á FARANDSFÆTI OG SPENNANDI
TÍMAR ERU FRAMUNDAN



„Ég er að fara til New York núna um helgina til þess að vinna fyrir ThreeAsFour,“ segir Ingibjörg Finnbogadóttir, um þau spennandi verkefni sem eru framundan hjá henni.

En hvernig byrjaði ferillinn

„Ég byrjaði mjög ung að grúska í fötum og setja eitt-hvað saman. Búa til nýtt úr gömlu og þannig. Alltaf haft einhverja rosalega ástríðu fyrir fötum síðan ég man eftir mér. Þegar ég var 14 ára var ég byrjuð að sauma föt fyrir vini og selja þeim, en annars var áhuginn aðallega að gera eitthvað nýtt fyrir sjálfan mig.“

Imba hefur ekki farið í nám í fatahönnun. „Ég byrjaði hjá Nikita árið 2000. Heiða sem er aðalhönnuður Nikita merkisins var þá að fara að kynna Nikita línuna erlendis. Hún var á fullu að vinna sýnishorn fyrir framleiðslu fyrirtækisins í Kína. Hún var í algjörrri tímaþröng og bað mig um að hjálpa sér. Ég var þá í MH og menntaskólarnir einmitt að fara í verkfall, svo ég sló bara til og svo vatt þetta upp á sig og ég hef starfað þar síðan. Búin að læra ótrúlega mikið og ekki getað komist í betri skóla en þetta í rauninni. Ég hef líka verið svo heppinn að fá ferðast mikið á vegum vinnunnar og hef unnið út um allan heim. Hvort sem það hafa verið vörusýningar í Bandaríkjunum eða Evrópu, snjóbretta atburðir út um allt, stíliserar myndatökur í Adrian hafi, Sahara eyðmörkinni eða í rauðahverfinu í Amsterdam.“ segir Imba og hlær. „Svo náttúrulega sýnishornavinna í Kína, Shanghai J.“

Hvað hefur þú verið að gera undanfarið?

„Ég er ný hætt hjá Nikita og er ótrúlega sátt við mitt þar. Maður verður að passa sig að festast ekki á einum stað of lengi. Mjög gott að breyta til og gera eitthvað meira. Annars hef ég verið að dunda mér að smá hliðarverkefnum, gerði tildæmis litla línu undir unknown clown nafninu í sumar sem var seld í Ígulker. Svo í vetur gerði ég í samstarfi við Ólaf Orra Guðmundsson, kannski betur þekktur sem Óli Sar. Við gerðum línuna Product57 sem var seld í Elvis búðinni. Núna er ég að ljúka við aðra unknown línu sem mun vera seld í Nakta Apanum eftir tvær vikur.“

AMERICAN IDOL
BYRJAR 23. JANÚAR KL 21:00


JÓNSSON & LEWIS • JLI.15



VINSÆLASTI SJÓNVARPSPÁTTUR HEIMS Á SIRKUS

HVER STENDUR UPPI SEM IDOL-STJARNA BANDARÍKJANNA?

FYLGSTU MEÐ!



SIRKUS

EDGAR SMÁRI ATLASON ER BEST GEYMDA LEYNDARMÁLID Í ÍSLENSKU TÓNLISTAR-LÍFI. ÞESSI MAGNAÐI 23 ÁRA GAMLI SÖNGVARI HEFUR AÐ MESTU SUNGIÐ Í FÍLADELFIUSÖFNUÐINUM OG LÍTIÐ HEYRST Í HONUM UTAN HANS. NÚ HEFUR ORÐIÐ BREYTING Á: EDGAR SMÁRI ÆTLAR ÁSAMT ÞÓRU GÍSLADÓTTUR, VINKONU SINNI ÚR FÍLADELFIUSÖFNUÐINUM, AÐ SYNGJA LAG ÓMARS RAGNARSSONAR Í FORKEPPNI EUROVISION-SÖNGVAKEPPNINNAR SEM FRAM FER Í NÆSTA MÁNUÐI.

EKKI BARA HALLELÚJA OG JESÚS

„ÞAÐ VERÐUR EKKI BARA HALLELÚJA OG JESÚS. ÞETTA ERU BARA GÓÐ LÖG MEÐ GÓÐUM BOÐSKAP EN AUÐVITAÐ ENGIN KAREOKEE-PLATA.“

„Ég hef sungið allt frá því ég var tólf ára í Fíladelfíu,“ segir Edgar Smári Atlason söngvari, málaranemi og öryggisvörður. Edgar Smári hefur heillað Fíladelfíusöfnuðinn með söng sínum allt frá því hann steig þar á stökk í fyrsta sinn. Hingað til hafa nánast eingöngu meðlimir safnaðarins fengið að njóta söngsins en nú verður brátt breyting á.

„Ég er að vinna að geislaflötu eins og er. Þetta er styrktardiskur sem ég er að gera fyrir foreldra mína sem eru forstöðuhjón Samhjalpar. Diskurinn verður fyrir alla. Það verður ekki bara hallelúja og jesús. Þetta eru bara góð lög með góðum boðskap en auðvitað engin kareokee-plata. Það verða fjögur ný lög í bland við gömul og góð.“

SILVÍA NÓTT ER BARA AÐ GRÍNAST

Edgar Smári vakti verðskuldaða athygli í Menntaskólanum í Kópavogi árið 1999 þegar hann sigraði í söngvakeppni skólans ásamt Ágústu Evu Erlendsdóttur sem er betur þekkt sem Silvía Nótt. Þau sungu lagið Endless Love í sameiningu við góðan orðstír. „Við erum góðir vinir. Hún er þrælgóð leikkona, hún Ágústa Eva, og auðvitað er þetta allt bara grín. Ég hitt hana nýlega og óskaði henni til hamingju með Edduna.“

En læturðu orðaforða Silvíu Nóttar ekki fara í taugarnar á þér?

Nei, nei, maður verður að hafa húmor fyrir lífinu líka. En stundum spyr maður sig hvenær er komið nóg. Eins og þegar hún talaði um að skeina sig á Eddunni. Fólk hlær og segir þetta allt í lagi og siðferðisþröskuldurinn lækkar og lækkar.

TEKUR ÞÁTT Í EUROVISION

Edgar Smári hefur verið giftur Guðrínu Hafliðadóttur í tæp þrjú ár og þau eiga von á frumburðinum í marsmánuði. Edgar Smári leggur stund á málaraiðn í Íðnskólanum í Reykjavík en segir þó drauminn að lifa á tónlist.

Hefur þér aldrei dottið í hug að fara í Idol?

„Jú, ég spáði í það en sjáðu hvernig fór fyrir Kalla Bjarna. Hann hefur ekki komist neitt lengra á að vinna þessa keppni. Góðir hlutir gerast hægt.“

En hvað með Eurovision?

Jú, Ómar Ragnarsson hringdi í mig nú í síðustu viku og bað mig um að syngja lag í keppninni sem hann samdi. Lagið syng ég í dúett með Þóru Gísladóttur sem hefur sungið með mér í Fíladelfíusöfnuðinum. Ég er mjög ánægður með þetta lag. Það gæti alveg farið langt í keppninni.

HH



SIRKUS MYND – HEIBA

SÆLAR STELPUR, DOLLI, RÚV

Það er alltaf verið að skamma mig hvert sem ég fer. „Geturðu ekki hætt að tala um punga. Eina sem þú strákarnir talið um er hvernig á að raka á sér pungginn eða að þú hafir skítið á pungginn á ykkur.“ Okei, ég var alveg til í að skoda það að að minnka það að tala um rakaða punga en það er ekkert verið að gera það auðvelt fyrir mig. Ég fékk símtal í vikunni. „Já, sæll og blessaður hr. Gillz, gættirðu nokkuð komið í viðtal hérna niður á NFS í smá umræðu hjá okkur. Það er verið að fara að ræða snyrtingu á kynfærum?“ Snyrting á kynfærum er bara fallega orð yfir það að raka punga. Ég er að gera mitt besta að minnka punga en það er alltaf verið að þvinga mig í þetta dónatal. En PartyHanz fór í viðtalið og stóð heldur betur uppi í hárinu á tveimur dómum sem eru vantanlega með Hallormsstaðaskóg í kiofinu.

Núna vita allir að Gillz er á móti ofbeldi, ég vil meina það að öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir. Mér þótti mjög leiðinlegt að heyrja það að litli Sveppalingurinn hafi verið laminn niðri í bæ. Sveppi, ef þú ert að lesa þetta þá þykir mér vænt um þig, þú ert krullhært krútt. Ég hef aldrei haft neitt á móti þér, bara stundum verið leiðinlegur við þig í blöðunum. Sorry dreng.

En undanfarið hefur það nú samt komið fyrir að mig hefur langað að beita ofbeldi. Það er nú bara þannig að á tveimur vikum er ég búinn að fá fjórar stöðumælasektir, eina hraðasekt og eina sekt fyrir að stoppa ekki við stöðunarskyldu. Ég skora á Dóra Ásgríms félagi minn og Alþingi að setja lög sem leyfa barsmiðar á stöðumælavörðum. Maður leggur fullkomlega löglega en



samt setur einhver rauðhærður folkking stöðumælavörður helvítis sekt undir rúðupurrkuna. Næsti stöðumælavörður sem sektar mig fær sektina upp í rassgatið á sér! Kapish!

Getur síðan einhver útskýrt fyrir mér afhverju það má ekki beygja til hægri á gatnamótum þar sem er stöðunarskylda? Hver er tilgangurinn að stoppa þegar maður er að beygja til hægri og það er enginn bíll. Það er allt annað ef maður er að fara yfir andskotans götuna eða til vinstri, þá skil ég afhverju ég á að stoppa. En það stoppaði mörgæs mig fyrir þetta um daginn. Ég var brjáláður en útaf því að það var hottie police officer í farþegasætinu þá hagaði ég mér skikkanlega og sagði ekki neitt, hélt bara kjafti og lét hlada í bílskúrinn á mér.

Ég fékk símtal um daginn frá einum félagi mínum sem var að hlusta á útvarpsþáttinn Min Skoðun hjá Valtý Birni og Böddza Bergs. Þar var hinn hávaxni og hárfagri íþróttfréttamaður Adolf Ingi Erlingsson að rífa kjaft og reyna að vera harður. Þú ert ekkert íþróttfréttamaður hjá Rúv og reynir að vera harður. Nefnið mér einn harðan gæja sem hefur verið íþróttfréttamaður hjá Rúv. Björn Friðrik Brynjólfsson og rauðhærðasti maður Íslands, Baldvin Þór Bergsson, verða seint taldir töff.

Þess má geta að Adolf er einmitt formaður offitusjúklinga á Íslandi. Hvernig getur pungaless stofnunarmaður sem hefur aldrei

unnið neina frétt og gerir ekki annað en að drekka kaffi verið formaður? Maðurinn hefur ekki hreðjar í að greina frá neinum málum, eina sem hann hefur gert er að sýna erlendar myndir frá skautum og skíðum!

Ég frétti að hann hefði sagt að ég ætti ekki að rífa kjaft við fullorðna og alvöru menn. Kallar hann sig alvöru mann! Hann er sköllóttur og ekki mikið stærri en Valtýr Björn. Dolli hefur aldrei stigið fæti inn í líkamsræktarstöð á ævinni þannig það kemur kannski ekki á óvart að hann skuli gera lítið úr afreki Benedikts Magnússonar. Það er nú bara einu sinni þannig að það tekur engin mark á manni sem er með meira hár á punga en á höfðinu!

Dolli er líka aðeins að misskilja lífið. Hann heldur í einhverri vitfirringu að það sé töff að vinna á Rúv. Hann frétti af pickup-línu Sigbórs Júlíussonar þegar hann var á Astró og gekk að borði þar sem voru nokkrar huggulegar dómur og sagði: „Sælar stelpur, Sigbór, Kr!“ Sissi girti niðrum sig og fékk þarna hágæða blástur.

Dolli fór á kæjann núna fyrir stuttu og var illa horny á því. Hann ætlaði að nýta sér pickup-línu Sissa. Fór á Olíver og sá þar nokkrar glæsilegar dómur sem sátu með Cosmo á kantinum. Hann gekk að þeim kokhraustur. „Sælar stelpur, Dolli, Rúv.“ Síðan renndi hann niður buxnaklaufinni og hélt að hann myndi fá þar dýrindis blástur. En dómurnar voru í engu stuði fyrir rækjukokteil þetta kvöld.

Þangað til næst! Sææææælar! Kv, Gillz



GERIMAX

n j ó t t u þ e s s a ð v e r a t i l

Aukin líkamleg orka og andleg vellíðan

GERIMAX

Frábær samsetning af vítamínum, steinefnum og Ginseng.

Gerimax – styrkur, aukið þol og betri einbeiting til að takast á við verkefni dagsins

Útsölustaðir: **Apótekin, Hagkaup, Nóatún, Samkaup, Nettó og Úrval.**




Sádóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

ENGINN NÁTTÚRULAUS Í HÖLLINNI


HÆTTA! HÓPURINN STÓÐ FYRIR TÓNLEIKUM Í LAUGARDALSHÖLL Á LAUGARDAGINN. ÞAR KOMU FRAM STÓRSTJÖRNUR Á BORD VIÐ BJÖRK, DAMIEN RICE, DAMON ALBARN OG SIGURJÓN KJARTANSSON.



DAMIEN RICE



ÓTTAR PROPPÉ



BJÖRK



KIDDI Í HJÁLUM



SIGURJÓN KJARTANSSON

HVAÐ ATLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA

SÚPUKVÖLD OG PORNÓPARTÍ

„Ég fer í súpukvöld með vinkonum mínum á föstudaginn“ segir Rakel McMahon. Svo verður farið í pornopartí sem er haldið í Listaháskólanum seinna um kvöldið. Á Laugardagskvöld fer ég í inn- og útflutningspartí. Ætli við kíkjum svo ekki á Kaffibarinn eða Sirkus eftir partíið. Kannski ég skelli mér í bíó á sunnudagskvöldið. Þá myndi Little Trip To Heaven verða fyrir valinu. En ég mæli eindregið með því að fólk sjái Woyzeck, það er sýning sem ég sá um daginn og fannst alveg frábær.

Rakel McMahon, nemi á myndlistarbraut Listaháskóla Íslands



FLUTNINGAR OG HOSTEL

„Ég er svona aðallega að standa í flutningum alla helgina. Svo erum við í hljómsveitin Forgotten Lores að vinna að nýrri plötu. Þegar ég fer úr joggiggallanum eftir flutningana er kannski einn kaldur drukkinn á annaðhvort Kaffibarnum, Prikinu eða Sirkus. Ég myndi vilja sjá Túskildingsóperuna í Þjóðleikhúsinu á næstunni. Það væri forvitlegt að sjá hvernig þetta stykki er sett upp og líka að sjá hvernig hún Halla Vilhjálmsdóttir stendur sig. Svo er aldrei að vita nema maður kiki í bíó. Þá á myndina Hostel.

Benni, B-Ruff Hip-hopsnúður



FRUMSÝNING OG RITGERÐASMÍÐ

„Á föstudaginn er ég að fara á opnunina Mind Camp sem verður frumsýnd í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Egill Heiðar Anton Pálsson og Jón Atli Jónsson sem gerðu Rambó 7 standa fyrir þessari sýningu. Ég er mjög spennst fyrir henni. Svo mæli ég með sýningunni Glæpur gegn diskóinu sem var frumsýnd í gær. Annars er ég því miður föst yfir ritgerðasmíðum alla helgina. Ef ekki þá myndi ég ábyggilega skreppa á Sirkus eða á Ölstofuna. Ég er eiginlega hálfgerður fastakúnni á Ölstofunni, það mætti alveg segja það.

Dóra Jóhannsdóttir leiklistarnemi



SKEMMTI STAÐIR

FÖSTUDAGUR 13. JANÚAR

VIKTOR

Café Viktor lætur ekki sitt eftir liggja þegar kemur að Idol stjórnmuleit. Að sjálfsögðu verður almennilegt Idolpartí í gangi á Viktornum í kvöld þegar annar þáttur dómaravalsins fer fram. Síðan er það enginn annar en Þröstur 3000 sem tekur við kyndlinum þegar Idolíð er búið og heldur stuðinu gangandi fram á rauða nótt. Viltu meira? Þarft ekki meira.

DILLON

Útvarpsstöðin X-fm er orðin stór. Hún er eins árs gömul og kemur til með að fagna því á skemmtistaðnum Dillon um helgina. Þar verður slummað og slammað langt fram eftir nóttu. Fín samkoma fyrir rokkara í djammhugleiðingum.

NASA

Það verður sent beint frá Nasa í síðasta þætti Idol stjórnmuleitar. Húsið opnar klukkan átta og ef þú ætlar að sitja heima þá er það bara þinn missir.

GAUKURINN

Hver annar en Frigorinn er að spila á Gauknunum í kvöld. Héstu að hann myndi svíkja ykkur þetta örlagaríka kvöld? Frigor er ekki þannig, hann stendur með sínum.



SÓLON

Strípuþúllurinn og útvarpsmaðurinn Brynjar Már mun keyra stuðið á Sólun í fullan trans um helgina. Maðurinn er með þetta og verður með puttann á púlsinum alla helgina. Taktu mig fast.

VEGTAMOT

Þær Ellen og Erna munu sjá um sína á Vegamótum í kvöld og láta fólk dansa við góða tóna. Það er alltaf stuð þar sem Ellen og Erna eru og sagt er að ekkert lát verði á því í kvöld.

HVEBBINN

Það er enginn annar en DJ-Maggi sem sér um fjörið í kvöld á Hverfisbarnum. Ekkert vitað hvort Sveppi verður á svæðinu en ekkert er hægt að útiloka hvað það varðar.

PRÍKIÐ

Dj Kári ætlar að hrekkja gesti Priksins um helgina með svokölluðu Hollywoodþema. Ef þú ert hrædd/ur skaltu samt mæta og örva taugarnar aðeins.



ARI Í ÖGRI

Það er ávallt úrvals trúbadorastemming á Ara í Ögri. Það er ekkert lát á því núna þessa helgina. Það geta allir sungið með án þess að blikna. Þannig er nú bara það.

KOFI TÓMASAR

Þeir Eyþór og Ingi munu sjá um að trylla lýðinn á Kofa Tómasar frænda um helgina. Þeir spila það sem þú vilt heyra án þess að vera með nokkurt múður. Þess á milli spila þeir almennilega danstónlist sem þú gleymdir að biðja um.

ROSENBERG

Hljómsveitin Mogadon verður með allt á hreinu á Rosenberg í Lækjargötunni um helgina. Sveitin spilar bæði kvöldin og verður meira að segja í banastuði líka. Þegiðu og farðu ef þú kannt ekki að meta það.



PRAVDA

Háskólatilboðin eru í fullum gangi á Pravda. Áki Pain er að spila sem endranær enda fyrir löngu búinn að sanna sig sem skífupeytir sem segir sex.



DUBLINERS

Óskar Einarsson trúbador er maður sem allir ættu að þekkja. Ef ekki, þá er mál að koma sér niður á Dubliners því hann er að spila þar báða daga helgarinnar og fer létt með það meira að segja. Írsk þjóðlagastemming í bland við góðan Guinness er eitthvað sem kemur þér í rétta girinn.



HRESSÓ

Hvar er betra að vera hress en á Hressingarskálunum? Þegar stórt er spurt... Hljómsveitin Touch spilar frá tíu til eitt en svo er það enginn annar en Lee-Chear sem tekur við og leiðir þig inn í nóttina. Já, já, já.

THORVALDSEN

Það er nú enginn annar en Daddi Diskó sem sér um steminguna á Thorvaldsen um helgina. Diskókóngurinn Daddi veit hvernig á að bera sig að þegar kemur að því að gleðja djammþyrstan íslending.

RÖKKURBARINN

Það verður heldur betur nóg um að vera á Rökkurbarnum um helgina. Allir helstu djamboltar götunnar mæta á svæðið og hafa gaman saman.

LANDSBYGGÐIN

YELLO Í KEFLAVÍK

Atli skemmtanalögga er búinn að hertaka Suðurnesin, enda er kappinn þaðan. Nú hefur hann opnað splunkunýjan skemmtistað í Keflavík sem heitir Yello. Hann mun að sjálfsögðu koma öllu batteríinu á koppinn með því að spila sjálfur á föstudagskvöld. Það verður svo Jón Gestur sem kynnir staðinn á laugardagskvöld. Það er vel þess virði að gera sér ferð í Keflavík og skemmta sér á Yello

RÁIN KEFLAVÍK

Ester Ágústa er hvergi nærri af baki dottinn. Hún mun mæta ásamt hljómsveitinni Sín á Rána um helgina og halda uppi stuðinu bæði kvöldin. Ester hefur sannað það á dansleikjum undanfarið ár að hún hefði átt að komast miklu lengra í Idolinu á sínum tíma. Kíkið í Rána.



TRAFFIC

Það er mikið um að vera á skemmtistaðnum Traffic í Keflavík á laugardaginn. Þá mun enginn annar en Herra Ísland, Óli Geir, vera með Splash-partí á staðnum. Það verður sjálfur Árni Már sem sér um stuðið fram undir morgun. Þetta er loforð og ekkert annað.

DÁTINN

Það er nóg um að vera á Dátanum um helgina. Kvöldinu verður startað með Idol stjórnmuleit. Það verða svo techno bræðurnir Exos og Tómas THX sem massa upp eitt stykki Technopartí. Á laugardagskvöldið verður það svo Pétur Dj sem heldur uppi stuðinu fyrir norðanmenn sem eiga vart eftir að ráða sér af kæti.

DRYKKURINN MINN

LANDI Í VATN

„Drykkurinn minn er landi í vatn,“ segir Partý Haenz sjónvarpsmaður og raftækjamógull. „Og svo setur maður smá dass af af lime og klaka. Mjög góður drykkur, svalandi og umfram allt ódýr. Þá



skemmir það ekki fyrir að fá landabrusana heimsenda í fallegum umbúðum,“ segir Partý-kvikindið sem vakti verðskuldaða athygli í þætti Þorfinns Ómarssonar á NFS á miðvikudaginn s.l. Þegar rétt var um hártísku á kynfærum.

Sádóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

SKEMMTANIR

LAUGARDAGUR 14. JANÚAR



GALLERÍ HUMAR EÐA FRÆGD

Smekkmennirnir í plötubúð Smekkleysu standa fyrir heljarinnar tónleikum í versluninni í dag. Það er annars vegar sörf- og rokkabilíbandið Manía Locus sem mun láta mikið að sér kveða. Hins vegar munu pönktarfarir í hljómsveitinni Morðingjunum telja í. Allt á þetta að skella á klukkan 15:00.

STÚDENTAKJALLARINN

Organkvartettinn Apparat boðar til flugeldasýningar í Stúdentakjallaranum sem kemur nú sterkur inn eftir gott og gilt jólafrí. Miðaverð er hvorki meira né minna en þúsundkall og fer þetta í gang klukkan tíu. Einnig má nálgast miða í forsölu á 700 krónur. Þetta er ekkert verð fyrir flotta tónleika.

NASA

Enginn fær sér í nös á Nasa. Fólk getur hinsvegar mætt þangad til þess að dansa trylltan dans við tóna Skítamóralis í kvöld, eins og það eigi lífið að leysa. Það er nú bara ekkert flóknara. Ekki reyna að mótmæla því. Hanni bach verður sjóðheitur á trommusettinu. Húsið opnar klukkan 23.

GAUKURINN

Það reynir enginn að halda því fram að Gaukur á Stöng sé laus við stuð og stemningu. Nei, það þýðir ekkert því að DJ-Frigore mun gera allt sjóðandi vitlaust á efri hæðinni um helgina. Það er nú líka frítt inn. Frítt stuð fyrir dansþyrsta einstaklinga.



SÓLON

Strípukollurinn og útvarpsmaðurinn Brynjar Már mun keyra stuðið á Sólon í fullan trans um helgina. Maðurinn er með þetta, og verður með puttann á púlsinum alla helgina. Taktu mig.



VEGAMÓT

Heyrðu mig nú, Jói, ert þú að fara að spila á Vegó?? Já, það er bara ekkert öðruvísi. Jói er að fara að spila á Vegó í kvöld og kropparnir munu kippast við meðan takturinn tifar. Jói the man.



LISTASÝNINGAR



NORRÆNA HÚSIÐ

Á laugardaginn opnar í Norræna húsinu sýningin Desire to See. Það eru finnskar listakonur sem standa að sýningunni en þær eru Christine Candolin, Tiina Karimaa, Marjukka Korhonen og Anneli Sipiläinen. Þær stöllur eiga sameiginlega þörfina til að skyggast undir yfirborðið og rannsaka hið óræða samband hlutanna. Hvað sem það nú er. Engu að síður áhugavert.



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Myndheimur Jónu Þorvaldsdóttur hefur yfir sér draumkenndan blæ, sveipaður dulúð og mýkt sem hefur seiðandi áhrif á áhorfandann og er til sýnis í ljósmyndasafni Reykjavíkur. Jóna hefur farið víða um heiminn og tekið myndir á ýmsum stöðum. Flott sýning sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.

LISTASAFN KÓPAVOGS

Tvær nýjar sýningar verða opnaðar í Listasafni Kópavogs um helgina. Á efri hæðinni er það Kristín Þorkeldsdóttir sem fer af stað með sýningu sem hún nefnir Tvo heima. Sýnishorn af grafískri hönnun Kristínar, allt frá upphafi ferils hennar á síðari hluta sjötta áratugsins, verða í vestursal safnsins. Á neðri hæðinni er sýning sem ber heitið Þræðir. Á henni eru um 20 kjólar og yfirhafnir sem Guðrún Vigfúsdóttir hannaði og óf á meðan hún rak vefstofu á Ísafirði. Vefstofuna stofnaði Guðrún árið 1965 og rak í 20 ár.



GALLERÍ I8

Ólafur Gíslason opnaði sýningu í i8 á fimmtudaginn sem mun nú standa yfir í nokkrar vikur. Áhugaverð sýning hjá Ólafi sem vert er að skoða.

PRIKIÐ

Það verður sannkallað gellukvöld á Prikinu. Gellurnar Erna og Ellen munu dúndra skífumum í spilarann og síðan veistu framhaldið. Fjör og ekkert annað. Hristu rassinn með Ernu og Ellen.

PRAVDA

Á Pravda er heldur betur allt að gerast. Maggi er búinn að taka við neðri hæðinni eftir að Skemmtanalöggan tók við nýju umdæmi í Keflavík. Á efri hæðinni verður það svo Áki sársauki sem sér um sína. Pravda er komin á skröð á nýju ári, háskólatilboðin í fullu fjöri. Flöskuherbergið opnar klukkan tólf fyrir þá sem vilja.



KAFFIBARINN

Það er enginn annar en sjálfur E-maðurinn Árne sem leikur fyrir dansi á Kaffibarnum. Árne E veit hvað er að ske og sýnir það og sannar um helgina. Hvað ætlaðu að gera í því?

HRESSÓ

Heyrðu, eigum við eitthvað að ræða Hressó um helgina? Jú gerum það því það er stútfullur djamppakki á boðstólum fyrir alla sem eru hressir. Þeir Gotti og Eysi byrja á því að hita liðið upp með nettri trúbadúrastemningu og svo er það sjálfur Dj-Johnny sem klárar dæmið án þess að blikna. Það er bara ekkert flóknara.

RÁIN

Yfirstandandi er ljósmyndasýningin Náttúruunnandinn á veitingahúsinu Ránni í Keflavík. Á sýningunni eru myndir eftir áhugaljósmyndarann Rúnar Geir Björnsson og er sýningin opin alla virka daga milli 11-01.

AURUM

Vöruhönnuðurinn Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir sýnir handgerðar figúrur eins og hún hafi aldrei gert annað.

CAFÉ KAROLÍNA

Aðalsteinn Svanur Pétursson sýnir bleksprautuprentanir sem margir vildu geta stært sig af.

GALLERÍ AKUREYRI

Það eru þær Ingileif og Ás- laug Thorlacius sem sýna verk sín til 22. janúar.

GALLERÍ SÆVARS KARLS

Það er Helgi Már Kristinsson sem leyfir gestum og gangandi að skoða verk sín í Gallerí Sævars Karls í Bankastræti.

GUK+

Hinn helgi Hartmut Stokter klárar sýningu sína þann 16. janúar í Guk+. Það eru því síðustu forvöð að snauta á sýningu Hartmuts.

HAFNARBORG

Færeyingurinn Kári Sveinsson og Pétur Bjarnason myndhöggvari sýna verk sín til 30. janúar.



YGGDRASIL

Morthensinn Tolli sýnir verk sín til 25. janúar. Endilega kíkið á það.

IDÁ

Nú stendur yfir sölusýning á verkum Þóru Guðrúnar Benediktsdóttur. Sýningin stendur yfir til loka þessa mánaðar.

HALLGRÍMSKIRKJA

Þær Kristín Gunnlaugsdóttir og Margrét Jónsdóttir verða með sýningu í kirkjunni háu til loka febrúar.

SÓLON

Það eru síðustu forvöð að sjá sýningu Dóru Emilsdóttur, Heyr himna smíður.

LEIKHÚS FÖSTUDAGUR 13. JANÚAR

GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Steypibaðsfélagið Stútur í samstarfi við Vesturport setur upp verkið Glæpur gegn diskóinu. Dauður köttur, diskókvöld sem aldrei átti sér stað, brjóstin á starfskonu tryggingastofnunar og hauslausar dúfur eru vendipunktur í þessu mannlega ferðalagi um karlmennskuna. Þetta er eitthvað sem verður að kanna.

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Hið geysivinsæla grínleikrit Fullkomið brúðkaup er í Leikfélagi Akureyrar og er að gera allt bandbrjáláð þar á bæ. Sýningin hefst klukkan 19 og eru örfá sæti laus síðast þegar Sirkus tjeikkaði á því. Nú fer hver að verða síðastur.

CARMEN

Söngleikurinn Carmen verður forsýndur í kvöld. Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins þar sem óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen. Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo.

MIND CAMP

Það eru þeir Egill Heiðar Anton Pálsson, Jón Atli Jónasson og Jón Páll Eyjólfsson sem leiða saman hesta sína við smíði verksins Mind Camp sem sýnt er í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Flytjendur leggja sitt af mörkum við að brjóta leikformið undan yfirráðum persónusköpunar. Áhugaverð sýning.

TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í leikritinu Túskildingsóperan sem er sýnt á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brjálant leikrit sem sló í gegn þegar það út kom út í Berlín. Leikritið fjallar um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa. Sýningin hefur fengið prýðisdóma.

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Hilmir Snær fer á kostum í þessum einleik í Iðno. Sýningin hefur gengið vel og mat áhorfenda að Hilmir sanni það þarna fyrir hvað hann stendur í leiklistinni. Um að gera að skella sér og sá þennan meistara áður en Hollywood fangar hann.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

LAUGARDAGUR 14. JANÚAR

CARMEN

Söngleikurinn Carmen verður frumsýndur í kvöld. Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög, sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen. Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo.

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Hið geysivinsæla grínleikrit Fullkomið brúðkaup er í Leikfélagi Akureyrar og er að gera allt bandbrjáláð þar á bæ. Sýningin hefst klukkan sjö og eru örfá sæti laus síðast þegar Sirkus tjeikkaði á því. Nú fer hver að verða síðastur. Tvær sýningar í dag. Ein klukkan sjö og hin klukkan tíu. Tryggðu þér miða.

MANNTAFL

Það eru síðustu sýningar á einleik Þór Túlínús. Núna fer hver að verða síðastur að tjeikka á þessu snilldarleikriti sem er sýnt í Borgarleikhúsinu.



TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað í þessu leikriti sem er sýnt á Stóra Sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brjálant leikrit sem sló í gegn þegar það út kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

SUNNUDAGUR 15. JANÚAR

WOYZECK

Nick Cave sér um tónlistina í þessu leikriti sem er að gera góða hluti í Borgarleikhúsinu. Með aðalhlutverk fara Ingvar E. Sigurðsson, Björn Hlynur Haraldsson og Nína Dögg Filippusdóttir. Sýningin hefst kl. 20.00.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

SUNNUDAGSKVÖLD MED SVÖVU

Hægt er að fræðast um ævistarf Svövu Jakobsdóttur á Smíðaverkstæðinu í kvöld. Í tengslum við sýninguna Eldhús eftir máli er boðið upp á fyrirlestur, kvöldverð, leiksýninguna og umræður á eftir.

BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuvörðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún hefur ekki talað við í sjö ár. Leikritið er sýnt á litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.



KALLI Á ÞAKINU

Í hlutverki Kalla á þakinu er enginn annar en Sveppi sjálfur. Þetta er bráðskemmtileg barnasýning fyrir alla fjölskylduna. Kalli verður í Borgarleikhúsinu klukkan tvö. Heimsins besti Kalli og það jafnast enginn á við hann.

MIND CAMP

Það eru þeir Egill Heiðar Anton Pálsson, Jón Atli Jónasson og Jón Páll Eyjólfsson sem leiða saman hesta sína við smíði verksins Mind Camp sem sýnt er í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Flytjendur leggja sitt af mörkunum við að brjóta leikformið undan yfirráðum persónusköpunar. Áhugaverð sýning.

MÁNUDAGUR 16. JANÚAR

EF

Verkið Ef eftir þá Valgeir Skagfjörð og Einar Má Guðmundsson hefur verið sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu að undanförmu. Verkið hefur hlotið góðar viðtökur og verið uppselt trekk í trekk. Verkið er einnig sýnt daginn eftir.

FIMMTUDAGUR 18. JANÚAR

CARMEN


Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins þar sem óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög, sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen. Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo.



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



KEA
Skyr



NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL



FIGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA